

Reykjavík, 25.04.1997

Menntamálanefnd Alþingis,
b.t. Áslaugar Árnadóttur,
nefndarritara.

Alþingi
Erindi nr. P 121/1782
komudagur 28.4.1997

Vísað er til bréfa dags. 17. apríl síðastliðinn þar sem óskað er eftir umsögn Stúdentaráðs Háskóla Íslands, Bandalags íslenskra sérskólanema, Sambands íslenskra námsmanna erlendis og Iðnnemasambands Íslands um frumvarp til laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna, 531. mál, endurgreiðsla o.fl. SHÍ, BÍSN, SÍNE og INSÍ eiga sér sameiginlegan vettvang sem er samstarfsnefnd námsmannahreyfinganna. Því þótti okkur eðlilegt að skila inn sameiginlegri umsögn um það frumvarp sem nú liggur fyrir.

I. Almennar athugasemdir

Ókostir eftirgreiðslna: Auka þarf svigrúm í námi

Allt frá því núgildandi lög um Lánasjóð íslenskra námsmanna voru sett 1992, hafa námsmenn lagt sig fram við að skýra út þá ókosti sem fylgja eftirgreiðslum námslána. Námsmenn hafa bent á að eftirgreiðslukerfinu fylgi óhóflegur fjármagnskostnaður sem leggst á námslán vegna þess að námsmenn þurfa að fjármagna framfærslu sína með yfirdráttarláni í banka. Eftirgreiðslukerfinu fylgir ósveigjanleiki því námsmenn geta ekki dreift álagi af námi sínu á allt námsárið án þess að það leiði til óhóflegs fjármagnskostnaðar. Þessu hefur nú verið mætt að hluta í því frumvarpi sem nú liggur fyrir með upptöku vaxtastyrks í stað vaxtaláns áður. Ekki er þó ljóst hvernig þessi vaxtastyrkur verður reiknaður. Námsmenn leggja mikla áherslu á að vaxtastyrkurinn verði útfærður þannig að svigrúm í námi aukist og að námsmenn geti dreift álagi af námi sínu yfir allt námsárið án þess að bera af því kostnað.

Þó að ekki sé um að ræða neinar breytingar á útborgunarmáta lánanna þá hafa ýmsir viljað kalla upptöku þessa vaxtastyrks samtímagreiðslur. Í þessu samhengi vill samstarfsnefndin benda á að enn borgar Lánasjóður íslenskra námsmanna lán sín út aðeins tvisvar á ári. Námsmannahreyfingin hefur bent á að skynsamlegra hefði verið að taka upp samtímagreiðslur, þ.e. mánaðarlegar útborganir frá LÍN, með því svigrúmi sem þeim fylgja.

Fækkun barnafólks: Auka þarf svigrúm í námi

Barnafólki í lánshæfu námi fækkaði alls um rúmlega fimm hundruð milli árána 1994 og 1995 að því er fram kemur í nýrri könnun Hagstofu Íslands. Þetta þýðir að námsfólki með börn á framfæri hefur alls fækkað um 33% frá gildistöku Lánasjóðslaganna 1992. Þetta er enn ein vísbendingin um að breytingar á námslánakerfinu séu eitt mest aðkallandi málið í íslensku samfélagi og tölurnar staðfesta jafnframt málflutning námsmanna undanfarin ár sem voruðu við þeirri þróun sem nú er orðin staðreynd. Samstarfsnefndin telur að orsök þess að barnafólk hverfi frá námi eða leggi ekki út í nám liggja í þeirri áhættu, óvissu og ósveigjanleika sem fylgir núverandi kerfi. Segja má að sérhvert próf sé rússnesk rúletta sem er einfaldlega ekki

eitthvað sem barnafólk getur boðið fjölskyldum sínum. Því viljum við ítreka ótta okkar um að í fyrirbyggjandi frumvarpi sé ekki tryggt nægjanlegt svigrúm.

Samstarfsnefndin bendir sérstaklega á tvær leiðir til að auka svigrúm í námi. Í fyrsta lagi að LÍN meti námsárangur á ársgrundvelli og reikni vaxtastyrkinn með tilliti til þess og í öðru lagi að auka svigrúm vegna skakkafalla í námi.

Námsmenn standa frammi fyrir háum bankaskuldum ef veikindi eða aðrir erfiðleikar koma niður á námi. Það er því óhófleg áhætta sem fylgir því að stunda nám þegar yfir hangir vaxtalán sem gjaldfellur ef eitthvað bregður út af. Námsmenn vilja því að kveðið verði á um það í lögum að ef barn námsmanns veikist, námsmaður eignast barn eða nákominn ættingi fellur frá verði heimilt að víkja frá kröfum laganna um námsframvindu. Námslán sem veitt verða í þessum tilfellum mega ekki skerða lánsrétt að öðru leyti. Einnig verður að tryggja að þeir námsmenn sem verða fyrir skakkaföllum í námi, og 7. grein frumvarpsins á við um, fái fullt námslán en ekki eingöngu 75% lán eins og verið hefur og skapað hefur einstaklingum og fjölskyldum ómældan vanda.

Hlutlaus kærunefnd og sjónarmið um réttaröryggi

Námsmannahreyfingin hafði vonast eftir að það frumvarp sem fram kæmi takmarkaði völd stjórnar með því að gera lögina skýrari og ítarlegri. Því miður er raunin önnur. Frumvarpið boðar aukið valdaframsal til stjórnar LÍN. Henni er falið að setja ítarlegri reglur, framkvæma þær og dæma í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma. Þannig er stjórn falið að vera dómari í eigin málum. Nauðsynlegt er að leiðrétta þetta og einföld og ódýr lausn er að setja á laggirnar hlutlausa kærunefnd sem hægt verði að skjóta ágreiningsmálum til. Hlutlaus kærunefnd er svipað fyrirkomulag og tíðkast víðar í stjórnsýslunni. Máli okkar til stuðnings má nefna tvö dæmi. Í fyrsta lagi er hægt að vitna til athugasemda við lagafrumvarp um háskóla sem nú liggur fyrir á Alþingi og er einnig sett fram af menntamálaráðherra. Í athugasemd við 13. gr. frumvarpsins segir orðrétt:

„Á tímum vaxandi umræðu um hæfi stjórnsýslu til þess að fjalla um mál í ljósi mögulegra hagsmunaárekstra er eðlilegt að gera skil á milli þeirra sem hafa með höndum almenna stefnumörkun skólastarfsins eða fara með endanlegt úrskurðarvald og hinna sem eiga að framkvæma stefnuna eða koma að ákvarðanatöku hjá lægra settu stjórnsýslustigi innan viðkomandi skóla. Þannig er ekki talið eðlilegt að þeir sem með beinum hætti koma að ákvarðanatöku í deildum geti verið í þeirri aðstöðu að endurskoða ákvarðanir deilda í háskólaráði. Slíkt samræmist illa meginreglum stjórnsýsluréttarins.”

Vissulega er þessi tilvitnun ekki nákvæmlega sambærileg við fyrirkomulag LÍN en hins vegar er grunnhugsunin sú sama; að sami aðili taki ekki ákvörðun og endurskoði hana síðan þ.e. sé dómari í eigin málum.

Í öðru lagi má nefna nýlegan dóm sem féll í máli sem útskrifaður námsmaður höfðaði á hendur LÍN með aðstoð Stúdentaráðs. Dómurinn féll námsmanninum í vil. Ákæran var byggð á því að stjórn LÍN hafði sett reglu sem að mati námsmannsins stangaðist á við reglu sem Alþingi hafði sett. Stjórn LÍN hafði hins vegar úrskurðað að reglan sem hún setti stangaðist ekki á við lög. Því var aðeins dómstólaleiðin námsmanninum fær. Það er óviðunandi fyrir viðskiptavini sjóðsins að leita þurfi til dómstóla. Nefna mætti fleiri reglur sem telja má að eigi sér veika stoð í lögum, s.s.

reglu um að réttur til námslána takmarkist við 5 ár í grunnnámi og 10 ár í framhaldsnámi, reglur um takmarkanir á skólagjöldum o.s.frv.

Námsmenn telja það ótvírætt réttlætismál að settur verði á laggirnar hlutlaus kæruaðili sem námsmenn geta skotið málum sínum til. Það fyrirkomulag sem boðað er í þessu frumvarpi samræmist því illa meginreglum stjórnarsýsluréttarins og stjórnarskrárinnar.

Nauðsynlegt er að tryggja réttaröryggi viðskiptavina sjóðsins. Hlutlaus kærunefnd er skref í þá átt. Samkvæmt ritgerð laganemanna Krístrúnar Heimisdóttur og Ragnhildar Helgadóttur um „Framkvæmd laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna og sjónarmið um réttaröryggi” sem unnin var undir handleiðslu Sigurðar Línal lagaprófessors er gengið út frá því að í réttaröryggi felist a.m.k. þrennt: „Örugg málsmeðferð og réttur til að fá ákvörðun endurskoðaða, réttarstaða borgaranna sé þekkt og fyrirsjáanleg og að borgarar njóti vissra lágmarksréttinda sem stjórnarsýslan virði.”

Æskilegt hefði verið að láta flókið reglukerfi vikja fyrir ítarlegum lögum

Í greinargerð laganemanna segir ennfremur: „Starfsemi sjóðsins byggir á fjórþættum reglum: Lögum, reglugerð, úthlutunarreglum og vinnureglum. Samspil þessara regna er flókið, enda mikilvægar grundvallarreglur í hverri réttarheimild, og birtingu reglnanna er ábótavant. Ljóst er að regluverk Lánasjóðsins stenst vart þá grundvallarreglu réttarríkisins að reglur skuli vera skýrar, stöðugar og aðgengilegar”. Samstarfsnefndin er því þeirrar skoðunar að æskilegast hefði verið að mælt hefði verið fyrir í lögum um allar helstu grundvallarreglur um lánsrétt, láns hæfi o.s. frv. Starf endurskoðunarnefndarinnar hafði miðað að því og fyrir lá fullbúið frumvarp með því formi. Sú leið var hins vegar því miður ekki farin.

Ákvæði um frávík frá kröfu um ábyrgðarmenn

Námsmenn leggja til að felld verði niður krafan um ábyrgðarmenn á námslán þar sem ríkið er að fjárfesta í menntun þegnanna. Til vara leggur samstarfsnefndin til að stjórn sjóðsins verði falið að ákveða hvaða skilyrðum ábyrgðarmenn skuli fullnægja. Stjórn sjóðsins verði þó jafnframt heimilað að vikja frá kröfum um ábyrgðarmenn enda sé viðkomandi námsmanni ókleift að stunda nám að öðum kosti.

Vaxandi fjöldi námsmanna á í miklum erfiðleikum með að afla sér ábyrgðarmanns til að ábyrgjast endurgreiðslur námslána. Þeirri spurningu hefur verið velt upp hvort sjálfskuldarábyrgð eigi ekki að nægja frá hendi námsmanns.

Ríkisendurskoðun hefur bent á að ef einstaklingur getur ekki aflað sér ábyrgðarmanns þá getur svo farið að hann þurfi að hverfa frá námi. Slíkum einstaklingi getur sjóðurinn ekki veitt „tækifæri til náms án tillits til efnahags”, eins og segir í lögum um LÍN.

Námsmenn hafa engar tillögur fengið að sjá um niðurfellingu ábyrgðarmanna hjá bönkum eða lánasjóðnum. Meinlegt væri ef bankar fella niður kröfu sína um ábyrgðarmenn en lánasjóðurinn sem tryggja á jafnrétti til náms heldur fast við sína kröfu.

Lægri endurgreiðslubyrði

Ein mikilvægasta breytingin sem boðuð er í þessu frumvarpi er lækkun á endurgreiðsluhlutfalli námslána úr 5-7% niður í 4,75% af heildartekjum. Eðlilegt hefði verið að lækka endurgreiðsluhlutfall námslána enn frekar. Þegar löggin voru sett 1992 þá var endurgreiðsluhlutfallið hækkað og fastagreiðslan einnig. Nú þegar

endurgreiðsluhlutfallið er lækkað væri eðlilegt að fastagreiðslan væri einnig lækkuð. Með því að lækka eingöngu endurgreiðsluhlutfallið en halda föstu greiðslunni óbreyttri þá hefur frumvarpið engar breytingar í för með sér varðandi endurgreiðslu fyrir fólk sem hefur tekjur á bilinu 800.000-1.100.000 kr. á ári.

Þrátt fyrir þessa lækkun endurgreiðsluhlutfallsins er ljóst að athygli ungs fólks og stjórnvalda þarf enn um sinn að beinast að aðstöðu uppvaaxandi kynslóðar og tækifærum hennar til að koma undir sig fótunum hér á landi. Ljóst er því að ef þetta verður niðurstaðan þá kallar hún á umræður og samstarf stúdenta og stjórnvalda til að gera megi nauðsynlegar ráðstafanir í húsnæðis- og skattkerfi til að koma til mós við veruleika og kjör ungs fólks.

Leggur samstarfsnefndin til að endurgreiðsluhlutfallið verði 4.5% en fastagreiðslan um 34.000 kr. Til vara leggur hún til að tekjutengda greiðslan haldist óbreytt (4.75%) en fasta greiðslan verði um 35.800 kr. Lækkar þá fasta greiðslan til samræmis við lækkun á tekjutengdu greiðslunni.

Enn eru vextir á námslánunum

Vextir á lánum eru nú 1% og heimild er til að hafa þá allt að 3%. Það hlýtur að teljast óeðlilegt að hafa vexti á námslánunum þar sem um framfærslulán er að ræða. Námsmenn eru að borga meira til baka en þeir fá lánað. Námsmenn gera það að lágmarkskröfu í þessu efni að vextir verði a.m.k. festir í 1% þannig að fólk þurfi ekki að vera í vafa um framtíð sína að þessu leyti.

II. Athugasemdir við einstakar greinar

Um 1. gr.

- a. Jákvætt er að Iðnnemasambandið fái mann í stjórn. Einnig er það af hinu góða að námsmenn hafi jafn marga fulltrúa í stjórn og ríkisvaldið.
- b. Varðandi skipan framkvæmdastjóra er spurning hvort ekki ætti að setja inn í lög ákvæði um hæfniskröfur til jafn mikilvægara starfa.

Um 2. gr.

- a. Boðað er að úrskurðir stjórnar verði endanlegir og verði ekki skotið til æðra stjórnvalds. Vísað er í umfjöllun um hlutlausu kærunefnd í hluta I hér að framan. Því má svo bæta við þá umfjöllun að í athugasemdum við frumvarpið er sagt að ákvæði þetta sé í samræmi við „venju sem verið hefur og niðurstöðu menntamálaráðuneytis frá 17. apríl 1996 þegar á þetta reyndi.” Þetta getur ekki talist rétt þar sem ráðuneytið hefur þrívægis skipt um skoðun hvað þetta varðar síðastliðin fimm ár eða frá því löggin voru sett. Það tekur lagavenjur umtalsvert lengri tíma að myndast, sér í lagi venjur sem ganga í þveröfuga átt við skýr ákvæði í lögum.
- b. Æskilegt væri að taka fram í lögum hvernig undirnefndir ættu að vera skipaðar. Undirnefndir ættu að vera skipaðar a.m.k. einum fulltrúa námsmanna og einum fulltrúa ríkisvaldsins til að tryggja að sem flest sjónarmið komi fram við ákvarðanatöku.

Þess ber þó að geta að framfærslunefnd hefur ekki fundað um framfærslu á Íslandi svo árum skiptir.

Um 3. gr.

Þessi grein er í raun óútfærð og felur því í sér aukið valdaframsal til stjórnar LÍN. Samstarfsnefnd námsmannahreyfinganna leggur mikla áherslu á að vaxtastyrkurinn verði reiknaður á ársgrundvelli og að Lánasjóðurinn meti þannig námsárangur á ársgrundvelli eins og þeir skólar sem bjóða upp á lánshæft nám. Þannig væri svigrúm aukið því námsmenn gætu frestað prófum ef þeir þyrftu fram að hausti (svo lengi sem þeir ná a.m.k 75% árangri) án þess að þurfa að mæta fjármagnskostnaði á einhvern hátt. Námsmenn leggja því mikla áherslu á að vaxtastyrkurinn verði útfærður þannig að námsmenn geti dreift álagi af námi sínu yfir allt námsárið án þess að bera af því nokkurn vaxtakostnað. Varðandi frekari athugasemdir vísast í hluta I hér að framan um svigrúm.

Um 4. gr.

Engar athugasemdir.

Um 5. gr.

Jákvætt er að endurgreiðsluhlutfall sé lækkað úr 5-7% í 4.75%. Námsmenn hefðu þó viljað að það lækkaði enn frekar og var 4.5% hlutfall nefnt í því samhengi. Hins vegar er slæmt að fastagreiðslan sé ekki lækkuð einnig því þessi lækkun endurgreiðslubyrði námslána gerir ekkert fyrir fólk sem mun hafa árstekjur upp á 800.000 til 1.100.000 kr. Jafnframt er slæmt að ekki sé kveðið á um að endurgreiðslur hefjist ekki fyrr en á 3. ári eftir námslok en núverandi lagaákvæði eru ekki framkvæmd í raun. Varðandi nánari athugasemdir vísast í hluta I hér að framan.

Um 6. gr.

Stjórn LÍN er hér falið að áætla „rífligan“ útsvarstofn á námsmann. Afar sérkennilegt er að mati námsmanna að nota orðalagið „rífligan útsvarstofn“. Gott væri að vita hvað felst í orðalaginu í þessu sambandi. Væri eðlilegra að nota orð eins og „líklegan“ eða önnur sambærileg orð að merkingu.

Alþingi setur reglur um að endurgreiðslur skuli vera ákveðið hlutfall en veitir svo stjórn með þessu ákvæði heimild til að áætla útsvarstofn námsmanns liggja hann ekki fyrir. Það hlýtur að teljast óeðlilegt að stjórn sjóðsins sé veitt heimild til að áætla þennan útsvarstofn ríflega.

Um 7. gr.

Hér er enn um aukið valdaframsal til stjórnarinnar að ræða. Þessa grein þarf að gera skýrari. Bæta þarf við að ef barn námsmanns veikist, ef námsmaður eignast barn eða ef nákominn ættingi námsmanns fellur frá verði heimilt að víkja frá kröfum laganna um námsárangur. Námslán sem veitt verða í þessum tilfellum mega ekki skerða lánsrétt að öðru leyti. Þetta eru nauðsynlegar breytingar til að auka svigrúm í námi og miða að því að gera námsframvindukröfur hjá Lánasjóðnum eðlilegar. Einnig verður að tryggja að þeir námsmenn sem verða fyrir skakkaföllum í námi og þessi grein á við fái fullt námslán en ekki eingöngu 75% eins og verið hefur og skapað hefur

einstaklingum og fjölskyldum ómældan vanda. Varðandi nánari athugasemdir er vísað í hluta I hér að framan um svigrúm.

Um 8. gr.

Engar athugasemdir.

Um 9. gr.

Óljóst er hvort að þetta ákvæði banni LÍN að veita svokölluð markaðskjaralán til skólagjalda við erlenda háskóla sem LÍN lánar ekki til nú, t.d. til grunnnáms. Það verður þó að álíta að svo sé.

Um 10. gr.

Engar athugasemdir.

Um 11. gr.

Engar athugasemdir.

Um 12. gr.

Engar athugasemdir.

III. Margt vantar í frumvarpið

Umsögn þessi miðast við það frumvarp sem lagt hefur verið fram. Samstarfsnefndin hefur viljað að ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks hefði borið gæfu til að leggja fram ítarlegra frumvarp og að margt sem nú er í reglugerð eða úthlutunarreglum hefði verið sett í lög. Þannig væru löggin gerð skýrari og valdaframsal til stjórnar minnkað. Því miður er raunin önnur. Þannig er ekki tekið á fjölmörgum atriðum sem nauðsynlegt hefði verið að taka á. Nokkur þessara atriða hafa þegar verið nefnd í þessari umsögn en önnur ekki. Rétt er því að enda þessa umsögn samstarfsnefndar námsmannahreyfinganna á því að minnast á nokkur atriði til viðbótar.

Lánshæfi skal skilgreint í lögum og í stað núverandi 5 og 10 ára reglu komi einföld regla um rétt námsmanna til námslána í 11 ár. Til vara er lagt til að svigrúmið fyrir grunnnám verði 7 ár og 10 ár í heild. (Liður 2 í athugasemdum og tillögum vegna vinnu að frumvarpi um LÍN.)

Upphæð námslán, náms- og framfærslukostnaður skal skilgreindur ítarlega í lögum. (Liður 3 í athugasemdum og tillögum vegna vinnu að frumvarpi um LÍN.)

Kveða þarf á um rétt stjórnar til takmörkunar skólagjaldalána eigi það að vera heimilt. Námsmenn gera tillögur á að takmarkanir verði gerðar á þessari

heimild stjórnar. Lána á fyrir skólagjöldum til grunnnáms erlendis og þá ber að leggja af svokölluð markaðskjaralán. (Liður 4 í athugasemdum og tillögum vegna vinnu að frumvarpi um LÍN.)

Kveða þarf á um hvernig grunnframsærsla á Íslandi og erlendis er skilgreind og hvað liggja upphæðinni til grundvallar. (Liðir 12 og 13 í athugasemdum og tillögum vegna vinnu að frumvarpi um LÍN.)


Rétt til lána vegna bóka, tækja og efniskaupa skal kveða á um í lögum. (Liður 20 í athugasemdum og tillögum vegna vinnu að frumvarpi um LÍN.)


Einnig hefði þurft að tryggja að þjónustusamningar við allar námsmannahreyfingarnar væru í lögum.


Ekki er þessi upptalning tæmandi. Varðandi nánari umfjöllun um þessi atriði og fleiri til vísast í Athugasemdir og tillögur vegna vinnu að frumvarpi til laga um LÍN sem sendar voru menntamálaráðherra eftir að endurskoðunarnefnd um lög um LÍN var leyst frá störfum og þá greinargerð sem þeim fylgdi. Athugasemdirnar og greinargerðin fylgja með umsögn þessari og er þar að finna leið sem að mati samstarfsnefndarinnar hefði verið farsælli.


Stefna samstarfsnefndarinnar í þessu máli hefur alltaf verið skýr og er það enn. Þær hugmyndir sem lagðar voru fram í endurskoðunarstarfinu og síðar voru sendar til ráðherra eru þær hugmyndir sem nefndin telur æskilegastar. Sú umsögn sem hér er því eingöngu miðuð við það frumvarp sem fram er komið.

F.h. Samstarfsnefndar námsmannahreyfinganna,


Haraldur Guðni Eiddsson,
formaður SHÍ


Aðalsteinn Leifsson,
formaður SÍNE.


Þóður Kristleifsson,
framkvæmdarstjóri BÍSN.


Drífa Snædal,
formaður Iðnnemasambands
Íslands.

Athugasemdir og tillögur vegna vinnu að frumvarpi til laga um LÍN

Samstarfsnefnd námsmannahreyfinganna fagnar yfirlýsingum formanna stjórnarflokkanna um lækkun endurgreiðsluhlutfalls af námslánum og að samtímagreiðslur verði teknar upp.

Jafnframt fer samstarfsnefndin þess á leit að þær tillögur sem samkomulag formannanna vísar til verði bornar undir fulltrúa samstarfsnefndarinnar. Áður en fullljóst er hvað þær fela í sér hafa námsmenn alla fyrirvara á stuðningi sínum við þær. Að öðru leyti vísar samstarfsnefndin til samþykkrar stefnu sinnar, raka og sjónarmiða sem settar voru fram í nefnd um endurskoðun laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna, sem nú hefur verið leyst frá störfum.

Grein er gerð fyrir sjónarmiðum og tillögum samstarfsnefndarinnar um form og frágang væntanlegs frumvarps í almennum athugasemdum þeirrar greinargerðar sem þessum tillögum og athugasemdum fylgja. Þar er jafnframt lýst þeim sjónarmiðum um réttaröryggi sem þeim liggja til grundvallar og öðrum tillögum um ákvæði frumvarpsins sem af þeim leiða.

Athugasemdir og tillögur samstarfsnefndarinnar að öðru leyti fylgja hér eftir. Það skal þó tekið fram að þær byggja alfarið á þeim markmiðum sem nefnd um endurskoðun laga um LÍN setti í upphafi starfs síns og samstaða var um, að ný lög um LÍN byggðu í grundvallaratriðum á því námslánakerfi sem við líði er. Víða í athugasemdunum eru ákvæði og orðalag sótt í núgildandi lög um LÍN, gildandi reglugerð og úthlutunarreglur. Það ber þó ekki að skilja svo að samstarfsnefndin sé með því að lýsa stuðningi sínum við þau ákvæði, eins og þau standa, heldur er þetta gert vegna samhengis og til að undirstrika að ný lög um LÍN verði ítarleg og takmarki þörf fyrir reglugerðarsetningu.

Auk þessara tillagna og athugasemda vísar samstarfsnefndin jafnframt og ekki síður til tillagna og gagna sem lagðar hafa verið fram í nefnd um endurskoðun laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna sem og skýrslu um áhrif og afleiðingar laga um Lánasjóð íslenskra námsmann sem samstarfsnefndin hefur nýverið sent frá sér. Á það jafnt við þau atriði þessa skjals sem taka það sérstaklega fram en eins annarra þar sem það er ekki tíundað.

I. kafli: Hlutverk stjórnar sjóðsins, lánsréttur og stjórn

1. Kveða ber skýrar á um hlutverk Lánasjóðs íslenskra námsmanna í markmiðsgrein

Hlutverk Lánasjóðs íslenskra námsmanna er að tryggja þeim sem falla undir lög þessi *jöfn* tækifæri til náms án tillits til efnahags.

2. Láns hæfi skal skilgreint í lögum og í stað núverandi 5 og 10 ára reglu komi einföld regla um rétt námsmanna til námslána í 11 ár. Til vara er lagt til að svigrúmið fyrir grunnám verði 7 ár og 10 ár í heild

Sjóðurinn veitir lán til framhaldsnáms við skóla sem gera sambærilegar kröfur til undirbúningsmenntunar og gerðar eru til háskólanáms hérlendis. (2. mgr. 1. gr. l. 92) Lánasjóðnum er heimilt að veita öðrum námsmönnum námslán, en þeim sem falla undir skilgreiningu 1. mgr. þessarar greinar, enda stundi þeir sérnám. Stjórn sjóðsins setur nánari reglur um það til hvaða sérnáms skuli lánað.

Námsmaður á rétt á námslánum í hámark 11 (tíu) ár.

Sjóðurinn lánar hvorki til náms sem að meginstofni er liður í undirbúningi til stúdentsprófs eða sambærilegs prófs né til náms að loknu doktorsprófi.

3. Upphæð námslána, náms- og framfærslukostnaður skal skilgreindur ítarlega í lögum

Miða skal við að námslán skv. lögum þessum nægi hverjum námsmanni til að standa straum af náms- og framfærslukostnaði meðan á námi stendur. *Til námskostnaðar skal meðal annars telja kostnað vegna bóka-, tækja- og efniskaupa, ferða til og frá námsstað, innritunar- og skólagjöld, eins og nánar er kveðið á um í lögum þessum.*

Við ákvörðun upphæðar námsláns skal tekið tillit til fjölskyldustærðar, framfærslukostnaðar þar sem nám er stundað, tekna námsmanns og maka hans, lengdar árlegs námstíma, skatta og annarra atriða er áhrif kunna að hafa á fjárhagsstöðu námsmanns eins og nánar er kveðið á um í lögum þessum (1. mgr. 3. gr. l. 82)

4. Kveða þarf á um rétt stjórnar til takmörkunar skólagjaldalána eigi það að vera heimilt. Námsmenn gera tillögur á að takmarkanir verði gerðar á þessari heimild stjórnar. Lána á fyrir skólagjöldum til grunnnáms erlendis og þá ber að leggja af svokölluð markaðskjaralán

Lán skal veita vegna skólagjalda í viðkenndu háskólanámi. Stjórn sjóðsins er þó heimilt að setja ákveðið hámark á upphæðir slíkra lána.

5. Skipan stjórnar verði breytt þannig að Iðnnemasambandið fá fulltrúa í stjórn. Fulltrúum menntamálaráðherra fjölgi jafnframt um einn til að mæta því

Ráðherra skipar stjórn sjóðsins þannig: Einn skv. tilnefningu Stúdentaráðs Háskóla Íslands, einn skv. tilnefningu Sambands íslenskra námsmanna erlendis, einn skv. tilnefningu Bandalags íslenskra sérskólanema, *einn skv. tilnefningu Iðnnemasambands Íslands*, einn skv. tilnefningu fjármálaráðherra og þrjá án tilnefningar og skal einn þeirra vera formaður stjórnar og annar varaformaður.

Stjórnin skal skipuð til tveggja ára í senn. Skipunartími fulltrúa menntamála- og fjármálaráðherra skal þó takmarkaður við embættistíma þeirra ráðherra sem skipuðu þá eða tilnefndu. Varamenn í stjórn skulu skipaðir með sama hætti og til jafnslangs tíma. Verði atkvæði jöfn við afgreiðslu mála í stjórn sjóðsins sker atkvæði formanns úr. Ráðherra ræður framkvæmdastjóra til fjögurra ára í senn að fengum tillögum stjórnar sjóðsins. Framkvæmdastjóri ræður annað starfsfólk með samþykki stjórnar sjóðsins að fenginni heimild ráðuneytisins, sbr. ákvæði laga nr. 97/1974

6. Skýrt verði kveðið á um heimild stjórnar til að skipa nefndir sem undirbúi mál og geri tillögur að afgreiðslu þeirra. Óvissu um hvort að úrskurðir stjórnar séu kæranlegir til ráðuneytis skal eytt með skýru ákvæði

Hlutverk stjórnar sjóðsins er:

1. Að veita námsmönnum námslán.
2. Að annast fjármál sjóðsins og gerð fjárhagsáætlana.
3. Að afla gagna varðandi þörf námsmanna á námslánum.
4. Að setja nánari reglur um úthlutun námslána á grundvelli laga þessara.
5. Að skera úr vafamálum er varða einstaka lánþega og öðrum málum með bókuðum samþykktum.
6. Að afla upplýsinga um námsskipan og námstíma þeirra skóla sem lánað er til.
7. Að hafa eftirlit með árangri námsmanna
8. Að annast útgáfustarfsemi og aðra kynningu á sjóðnum.

Stjórn sjóðsins er heimilt að fela undirnefndum að gera tillögur að afgreiðslu mála er líta að einstökum lánþegum og öðrum málum sem upp kunna að koma varðandi framkvæmd laganna og þeirra reglna sem settar eru með stoð í þeim. Undirnefndir skulu skipaðar a.m.k. einum fulltrúa námsmanna og einum fulltrúa ríkisvaldsins úr stjórn sjóðsins eða varamönnum þeirra. Stjórn sjóðsins skal þó fara með endanlegt úrskurðarvald.

Stjórn sjóðsins er heimilt að fela bankastofnunum útborgun lána, innheimtu og aðra daglega afgreiðslu.

Bókhaldi skal haga skv. fyrirmælum Ríkisbókhalds, sbr. lög nr. 52/1966.

II. Kaffli: Námslán

A. Úthlutun námslána

Útborgun

7. Kveða ber skýrt á um að námslán skuli greidd út mánaðarlega meðan námsmaður stundar náms, nema á fyrsta misseri. Um samtímagreiðslur og útfærslu þeirra vísast að öðru leyti til upphafsorða

8. Skilgreining námsframvindu ber að vera í lögum. Til annarra atriða um útfærslu þeirra ákvæða er vísað til upphafsorða

Þann tíma sem námsmanni er veitt lán skal námsframvinda hans metin. Við mat á námsframvindu er litið til þeirra námskeiða sem námsmaður tekur og nýttast til lokaprófs.¹

9. Undanþágur frá kröfum um námsframvindu þarf að skilgreina í lögum. Kveðið skal á um að námslán í veikindum skerði ekki lánsrétt að öðru leyti, þ.e. veikindalán bætist við heildarsvigrúm námsmanns á námstíma

Heimilt er að víkja frá kröfum þessara laga um lágmarks námsframvindu ef námsmaður, maki hans eða börn veikjast, ef námsmaður eignast *barn eða ef um andlát nákominna ættingja er að ræða*. (regla 2.3.2. í Úthlr. 95-96)

Lán vegna veikinda geta bæst við heildarsvigrúm námsmanns á námstíma.

10. Heimild til að taka mið af sérstökum aðstæðum skal kveða á um í lögum

Sé námsmanni vegna örorku sinnar, framfærslu barna sinna eða maka eða af öðrum ástæðum illmögulegt að dómi sjóðsstjórnar að stunda nám sitt að fullnýttri lánsheimild má veita honum aukalán úr sjóðnum enda verði höfð hliðsjón af þeim bótum sem hann fær samkvæmt gildandi tryggingarlöggjöf. Lán þessi eru veitt með sömu kjörum og almenn námslán. (12. gr. núgildandi laga, óbreytt)

11. Námsmenn frá löndum EES þurfa að eiga rétt til námsaðstoðar hér á landi í samræmi við skuldbindingar Íslands

(Uppkast:) Námsmenn frá löndum Evrópska efnahagssvæðisins sem heimilisfastir eru á Íslandi og stunda náms hérlandis, hafa rétt til námslána samkvæmt lögum þessum með sama hætti og íslenskir námsmenn enda njóti íslenskir námsmenn sambærilegra réttinda í heimalandi þeirra.

Framfærsla, tekjur og tillit

12. Kveða þarf á um hvernig grunnframfærsla á Íslandi er skilgreind og hvað liggja upphæðinni til grundvallar. Námsmenn telji að til greina komi að Alþingi ákvarði þessa upphæð á grundvelli slíkra gagna

Aðstoð við námsmann skal miðuð við grunnframfærslu á Íslandi, og skal að lágmarki vera, xxxxx kr. á mánuði fyrir einstakling í leigu- eða eiginhúsnæði, bundið visitölu neysluverðs². Við afgreiðslu fjárlaga ár hvert má ákvarða hærri grunnframfærslu, en þetta lágmark segir til um.

Námsmaður í leiguhúsnæði skal sanna leigugreiðslur með því að leggja fram afrit af greiðsluseðli skattayfirvalda. (2. mgr. reglu 4.1. Úthltr. 95-96)

13. Kveða skal á um í lögum hvernig grunnframfærsla erlendis er reiknuð eða ákvörðuð

Grunnframfærsla erlendis, sem getur verið mismunandi eftir löndum og borgum, er ákveðið hlutfall af grunnframfærslu á Íslandi. Hlutfallið er endurskoðað tvisvar á ári með hliðsjón af þróun verðlags og gengis. (regla 3.1.2. í Úthlr. 95-96)

¹ Í dag er eitt aðstoðarár 10 mánuðir það þyrfti helst að breyta því í 12 mánuði.

² Ákvörðun grunnframfærslu verði Alþingis svo oft sem þurfa þykir.

Stjórn sjóðsins tekur ákvörðun um hvert hlutfallið af grunnframfærslu er á hverjum stað á grundvelli kannanna á framfærslukostnaði námsmanna.

14. Stuðla vegna félagslegra aðstæðna námsmanna skal festa í lög. Kveða skal skýrt á um rétt barna einstæðra foreldra til námslána eins og þeir væru í leiguhúsnæði

Framfærsla námsmanns í hjónabandi eða sambúð er grunnframfærsla sem hækkar um 25% fyrir hvert barn.

Framfærsla námsmanns sem býr hjá foreldrum er 70% af grunnframfærslu. (regla 4.2.1. í Úthlr. 95-95)

Hækka skal framfærslu hjá námsmanni, sem býr hjá einstæðu foreldri upp í 100% ef tekjur foreldris eru undir viðmiðunarmörkum hverju sinni. Viðmiðunarmörk í þessu sambandi svara til einfaldrar framfærslu einstæðs foreldris. Framfærsla einstæðs foreldris miðast við barnafjölda á framfæri þess undir 21 árs aldri að meðtöldum námsmanni. (regla 4.2.2. í Úthlr. 95-96. Nýmæli, áður heimilt nú skylt)

Framfærsla einstæðs foreldris er grunnframfærsla sem hækkar um 50% fyrir hvert barn. (regla 4.3. í Úthlr. 95-96. Nýmæli, hlutfall hækkað úr 45%)

15. Rétt til láns vegna meðlags skal festa í lög

Námsmaður getur sótt sérstaklega um lán vegna meðlags, sem hann greiðir svo sannanlegt sé. Þegar veitt er lán vegna meðlags, greiðir sjóðurinn meðlag beint til Innheimtustofnunar sveitarfélaga. (sbr. ákvæði í úthlutunarreglum)

16. Tekjuhugtakið skal skilgreina í lögum sem og áhrif tekna á upphæð námsláns

Tekjur námsmanns og maka geta haft áhrif á upphæð námsláns á námstíma. Áhrifum tekna skal dreifa yfir skólaárið. (regla 3.3.1. Úthlr. 95-96)

Allar tekur sem mynda skattstofn, skv. ákv. skattalaga, teljast til tekna við útreikning námsláns. (regla 3.4.1. í Úthlr. 95-96) Skattar skulu dragast frá tekjum áður en upphæð námsláns er reiknuð út. (sbr. reglu 3.4.4. í Úthlr. 95-96)

17. Frítekjumark skal skilgreina í lögum

Lánað er fyrir framfærslu á námstíma en 50% tekna umfram 200.000 koma til frádráttar. Upphæðin 200.000 kr. nefnist frítekjumark og breytist árlega bundið vísitölu neysluverðs. Námsmaður sem býr hjá foreldrum skal lánað fyrir framfærslu á námstíma en 50% tekna umfram 150.000 kr. koma til frádráttar. Upphæðin breytist árlega bundið vísitölu neysluverðs.

18. Lán vegna maka, tekjur maka og meðferð þeirra tekna skal kveða á um í lögum

Til frádráttar á láni námsmanns koma 50% af tekjum maka umfram framfærslu.

Framfærsla maka reiknast á sama hátt og námsmanns.

Séu hjón bæði í lánshæfu námi ákvarðast lán til hvors um sig sérstaklega. Hafi þau barn á framfæri geta þau farið fram á að samanlagðar tekjur þeirra skiptist jafnt á milli þeirra við ákvörðun námsláns.

Óvígð sambúð er lögð að jöfnu við hjúskap. (regla 4.4. Úthlr. 95-96)

Stjórn sjóðsins er heimilt að veita lán vegna maka námsmanns, skv. nánari reglum.

(regla 4.5.1 í úthl. reglum-athuga þó tillögu til breytinga í greinargerð)

19. Ákvæði um niðurfellingu tekna ber að festa í lög

Liggi fyrir staðfesting á því að námsmaður hafi verið í fullri vinnu lengur en 6 mánuði á árinu skal leggja þriggja mánaða jafnaðartekjur til grundvallar við útreikning lánsfjárhæðar hjá námsmanni sem kemur úr *námshléi eða hefur stundað lánshæft nám án þess að taka námslán*. (regla 3.2.2. Úthlr. 95-96-viðauki í samræmi við framkvæmd reglnanna)

20. Kveða skal á um rétt til lána vegna bóka tækja og efniskaupa í lögum

Lán vegna bóka tækja og efniskaupa skulu að jafnaði nema 50% af grunnframfærslu í einn mánuð á hverju skólaári. (regla 4.7 í Úthlr. 1995-1996)

21. Lán vegna sjúkratrygginga skal festa í lög

Námsmenn sem greiða háar sjúkratryggingar geta sótt um að þeim kostnaði sé mætt. Við mat á hæfilegum kostnaði vegna sjúkratrygginga er höfð hliðsjón af upplýsingum frá íslensku tryggingafélögunum. Stjórn sjóðsins skal annast þetta mat og setja nánari reglur um það. (regla 4.10 í Úthlr. 1995-1996)

22. Ákvæði um ferðalán skulu fest í lög

Námsmanni er heimilt að sækja um lán til þess að greiða hluta eigin ferðakostnaðar, maka og barna sem eru á framfæri námsmanns. Námsmenn skulu eiga kost á láni vegna einnar ferðar milli heimils og námsstaðar á hverju skólaári. Umsóknarfrestur til að sækja um þessi lán er hinn sami og um almenn námslán. Lánin miðast við ákveðna upphæð, sem er mismunandi eftir námslandi og námssvæði. *Upphæðir og nánari reglur ákvarðast af stjórn með hliðsjón af áætlunum ferðakostnaði*. (regla 4.12.1-2 í úthlr. 1995-1996, nýmæli um ákvörðun upphæðar)

Skilyrði þess að námsmenn á Íslandi eigi kost á ferðaláni er að þeir eigi lögheimili a.m.k. 100 km frá námsstað. Ekki er gerð krafa um að menn framvísi gögnum vegna ferðar innanlands. (regla 4.12.3 í Úthlr. 1995-1996)

Heimilt er að taka tillit til ferðar, sem farin er til námsstaðar allt að einu misseri fyrir upphaf námstímabils og heim aftur allt að einu misseri eftir lok skólaárs. (regla 4.12.3 í Úthlr. 1995-1996)

23. Hugtakið námstími skal skilgreint í lögum og tekið fram að nám á sumarmisseri í framhaldi af hefðbundnu námi teljist hluti af því en ekki sjálfstætt aðstoðarár

Lánað er fyrir framfærslu á námstíma sem að jafnaði er 9 mánuðir. Lánað er fyrir námi á sumarmisseri nýtist það til lokaprófs. Aðstoðarár telst heilt ár, 12 mánuðir.

Skilyrði námsaðstoðar, skilgreining úthlutunarreglna

24. Skilyrði námsaðstoðar og ákvæði um skuldabréf skal festa í lög eigi þau að standa

Það er skilyrði fyrir veitingu námsláns að námsmaður hafi áður undirritað skuldabréf og lagt fram yfirlýsingu eins til tíu manna um að hann eða þeir taki að sér sjálfskuldarábyrgð á endurgreiðslu lánsins ásamt vöxtum og verðtryggingu. Ábyrgðarmenn skulu rita nöfn sín á skuldabréfið þessu til staðfestingar eða þar til gerðar yfirlýsingar í viðurvist votta. Hver ábyrgðarmaður getur takmarkað ábyrgð sína við ákveðna upphæð. (6. gr. núgildandi laga og ákvæði í reglugerð 15gr.)

25. Ákvæði um ábyrgðir fyrir allri lánsupphæðinni skulu jafnframt fest í lög eigi þau að standa

Stjórn sjóðsins er heimilt að veita námslán allt að þeirri fjárhæð sem ábyrgð er fyrir sbr. 33. gr. Sæki námsmaður um hærra lán en ábyrgð er fyrir þarf hann að leggja fram nýtt skuldabréf, sbr. 35 gr. (Sbr. 6. gr. núgildandi laga)

26. Ákvæði um að allt lánið megi setja á eitt skuldabréf skal vera í lögum

Á skuldabréfi sem gefið verður út skv. ákvæðum þessara laga skal ekki tilfærð upphæð fyrr en að námi loknu. Reiknuð fjárhæð láns greiðist á bankareikning, sem er skráður á nafn námsmannsins og telst greidd inn á áðurnefnt skuldabréf. Námsmanni eða umboðsmanni hans skal tilkynnt um hverja slíka greiðslu. Við námslok skal samtala áðurnefndra greiðslna miðuð við þágildandi vísitölu færð á skuldabréfið. (efnisl. samhlj. 15.-16. gr. reglug. 93)

27. Ákvæði um frávik frá kröfu um ábyrgðarmenn ber að setja í lög

Stjórn sjóðsins ákveður hvaða skilyrðum ábyrgðarmenn skuli fullnægja. *Stjórn sjóðsins er heimilt að víkja frá kröfu um ábyrgðarmenn, sbr. 33. gr., vegna sérstakra aðstæðna, enda sé viðkomandi námsmanni ókleift að stunda nám að öðrum kosti.* (Nýmæli, sbr. hlutverk sjóðsins, jafnrétti til náms)

28. Ákvæði um hlutfall og heimild til töku lántökugjalds allt að 1,2% skal festa í lög eigi áfram að innheimta lántökugjöld af lánþegum sjóðsins

Stjórn sjóðsins er heimilt að innheimta lántökugjöld allt að 1,2% af veittum lánum. (Sbr. 6. gr. núgildandi laga)

29. Úthlutunarreglur ber að skilgreina í lögum

Til að tryggja samræmi í meðferð einstakra umsókna setur stjórn LÍN, á grundvelli þessara reglna, nánari reglur um úthlutun námslána. Reglur sjóðsins um úthlutun o.fl. skulu gefnar út fyrir 1. júní ár hvert og birtar í Stjórnartíðindum að fenginni staðfestingu ráðherra. (7. gr. reglug. 1993)

B. Endurgreiðslur námslána

30. Upphaf endurgreiðslu námslána skal ekki hefjast fyrr en á þriðja ári eftir námslok. Skilgreina þarf námslok skýrar en nú er og sníða reglur um framhaldsnám sem fela í sér styrki sem ígilda launum

Endurgreiðsla hefst á þriðja ári eftir námslok. Sjóðstjórn skal skilgreina nánar hvað telja beri námslok. (tillögur frá starfsmönnum LÍN?) Fari framfærslustyrkir í framhaldsnámi sem teljast ígildi launa fram úr ákveðnu hámarki, sem skilgreint er af stjórn LÍN, telst námi vera lokið og endurgreiðslur námslána hefjast skv. almennum ákvæðum þar um.

Árleg endurgreiðsla ákvarðast í tvennu lagi. Annars vegar föst greiðsla sem innheimt er á fyrri hluta árs óháð tekjum. Hins vegar viðbótargreiðsla sem innheimt er á síðari hluta ársins og er háð tekjum fyrra árs.

Fasta árgreiðslan er xx.xxx kr. miðað við lánskjaravísitölu 3.198 nema eftirstöðvar láns ásamt verðbótum og vöxtum séu lægri. Þessi upphæð breytist á hverju ári í hlutfalli við vísitölu neysluverðs 1. janúar hvers árs.

Viðbótargreiðslan miðast við ákveðinn hundradshluta af útsvarstofni næsta árs á undan endurgreiðsluári. Hundradshluti þessi er 3,75% margfaldaður samkvæmt hlutfallslegri breytingu á vísitölu neysluverðs frá 1. júlí á tekjuöflunarári til 1. júlí á endurgreiðsluári. Frá viðbótargreiðslunni dregst fasta greiðslan skv. 3. mgr.

Lánstími námsláns er ótilgreindur en greitt skal af námsláni þar til skuldin er að fullu greidd.

Skuldara ber á hverjum gjalddaga að greiða kostnað af innheimtu hveðrar greiðslu.

Heimilt er að endurgreiða lán örvar en mælt er fyrir um í þessari grein.

(Óbr. en endurraðað sbr. 7.-8. gr. nógildandi laga)

31. Skipting endurgreiðslunnar skal skilgreina í lögum. Skýra verður orðalag laganna þannig að ljóst sé að vextir leggjast ekki ofan á reiknaða endurgreiðslu námsláns heldur séu hluti heildarendurgreiðslunnar sem ekki fari yfir tiltækið hlutfall af útsvarstofni

Hverri endurgreiðslu skal skipt í höfuðstól, verðbætur og vexti. Höfuðstóll skuldarinnar breytist í hlutfalli við breytingar á vísitölu skv. 29. gr. frá grunnvísitölu til fyrsta gjalddaga og síðan í hlutfalli við breytingar á vísitölunni milli gjalddaga.

Skuldari skuldbindur sig til að greiða ársvexti skv. 3. mgr. 29. gr. af höfuðstól skuldarinnar þegar hann hefur verið reiknaður út. (ath. orðalag til að tryggja að vextir séu hluti af heildarendurgreiðslunni skv. 28. grein.) Vextir reiknast frá námslokum og greiðast eftir á sömu gjalddögum og afborganir.

(Óbr. sbr. 9. gr. gildandi laga)

32. Skilgreina þarf ákvæði um verðtrygging og fasta 1% vexti eigi vextir að leggjast á námslán á annað borð

Lán úr sjóðnum skulu verðtryggð. Verðtryggingin er miðuð við breytingar á lánskjaravísitölu, sbr. lög nr. 13/1979. Reiknast verðtryggingin frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir að lán er veitt, eða einstakir hlutar þess greiddir út, til fyrsta dags þess mánaðar er greiðsla fer fram.

Verði breyting á grundvelli lánskjaravísitölu eða útreikningi hennar skal þriggja manna nefnd ákveða hvernig vísitölur skv. nýjum og breyttum grundvelli skulu tengdar eldri vísitölum. Nefndin skal þannig skipuð að Seðlabanki Íslands tilnefni einn mann, Hæstiréttur annan en hagstofustjóri skal vera formaður nefndarinnar.

Vextir af lánum sjóðsins eru 1 % ársvextir af höfuðstól skuldarinnar. Vextir reiknast frá námslokum.

(Sbr. 7 gr. gildandi laga/ Br: Vextir fastir en ekki breytilegir)

33. Ákvæði um undanþágu frá endurgreiðslu þarf að vera í lögum

Stjórn sjóðsins er heimilt að veita undanþágu frá árlegri endurgreiðslu, skv. 27. gr., að hluta eða öllu leyti, ef skyndilegar og verulegar breytingar verða á högum skuldara, t.d. ef hann veikist alvarlega eða verður fyrir slysi sem skerðir til muna ráðstöfunarfé hans og möguleika til að afla tekna. Stjórn sjóðsins er enn fremur heimilt að veita undanþágu frá árgreiðslu skv. 2. mgr. 27. gr. ef nám, atvinnuleysi, veikindi, þungun, umönnun barna eða aðrar sambærilegar ástæður valda verulegum fjárhagsörðugleikum hjá skuldara eða fjölskyldu hans. (sbr. 8. gr. gildandi laga)

Skuldari sem sækir um undanþágu skv. 1. mgr. skal leggja fyrir sjóðsstjórn ítarlegar upplýsingar um eignir sínar, lífeyri og önnur atriði er stjórnin telur máli skipta.

Sjóðsstjórn skal m.a. taka mið af því ef útsvarsstofn vegna tekna á fyrra ár gefur ekki rétta mynd af fjárhag lánþega á endurgreiðsluári, sbr. 1 mgr. eða ef lánþegi hefur haft svo lágar tekjur á fyrra ári að honum reiknast ekki viðbótargreiðsla skv. 27. gr., og fjárhagur hans hefur ekki batnað á endurgreiðsluárinu. Sjóðstjórn setur nánari almennar reglur um framkvæmd þessa heimildaákvæðis. (Sbr. 26.-27. gr. gildandi reglugerðar)

34. Önnur ákvæði um endurgreiðslukafla lánasjóðslaganna sem óbreytt eiga að standa skulu að sjálfsögðu tíunduð í nýju frumvarpi. Jafnframt skal leitast við að láta óskýrt orðalag vikja fyrir skiljanlegri máli, sbr. setningu í sviga

Verði á endurgreiðslutíma námslána breyting á skattalögum þannig að veruleg breyting verði á því er telst útsvarsstofn frá því sem nú er skal hámark árlegrar endurgreiðslu skv. 27. gr. reiknað af stofni sem nefnd þriggja manna ákveður. Skal nefndin þannig skipuð að menntamálaráðherra tilnefni einn mann, samstarfsnefnd námsmannahreyfinganna annan en ríkisskattstjóri skal vera formaður nefndarinnar. Skal nefndin leitast við að setja reglur um útreikning endurgreiðslustofns sem geri hámark árlegrar endurgreiðslu hvers skuldara sem líkast því og orðið hefði að óbreyttum skattalögum.

Sé skattþega áætlaður útsvarsstofn skal miða við hann. Komi í ljós að útsvarsstofn hafi verið of hátt áætlaður eða oftalinn og lánþegi því innt af hendi of háa greiðslu skal honum endurgreidd hin ofgreidda fjárhæð með venjulegum vöxtum banka og sparisjóða. (lög um endurgreiðslu ofgreidds fjár frá 1995).

Sé lánþegi ekki skattskyldur á Íslandi á endurgreiðslutímanum af öllum tekjum sínum og eignum skal honum gefinn kostur á að telja fram tekjur sínar til Lánasjóðsins og yrði hámark árlegrar endurgreiðslu ákveðið í samræmi við það. (Geri hann það ekki eða telja verði framtal hans ósennilegt og ekki unnt að sannreyna útsvarsstofn skv. því verður árleg endurgreiðsla hans ákveðin skv. 2. mgr. 27. gr.-óskýrt!)

(Sbr. 10 gr. gildandi laga)

35. Ákvæði um veruleg vanskil þurfa að skoðast í samræmi við ákvæði um ábyrgðarmenn

Verði veruleg vanskil á endurgreiðslu námsláns skal stjórn sjóðsins heimilt að fella allt lánið í gjalddaga.

Sömu heimild hefur stjórn sjóðsins ef í ljós kemur að lánþegi hefur vantalið tekjur á framtali sínu.

Sú hækkun sem verður á á viðbótargreiðslu vegna endurskattlagningar lánþega, skal gjaldkræf þegar í stað og skulu reiknaðir af henni hæstu lögleyfðir dráttarvextir frá gjalddaga þeirrar viðbótargreiðslu sem hækkuð er.

Endurgreiðslur eru aðfararhæfar án undangengins dóms eða sáttar ef um vanskil er að ræða. Sama gildir um eftirstöðvar skuldar sem felld er í gjalddaga.

Endurgreiðslur, sem falla í gjalddaga eftir að lánþegi andast, falla sjálfkrafa niður.

(Sbr. 9. -11 gr. gildandi laga)

36. Ákvæði um ofgreidd lán eiga heima í lögum og ástæða er til að misjafn háttur sé hafður á hafi námsmaður haft rangt við en ef um ónóga námsframvindu eða mistök starfsmanna LÍN valda endurheimtu útlánaðs fjár

Nú fær lánþegi ofgreitt lán skv. reglum sjóðsins vegna rangra upplýsinga eða af öðrum ástæðum og er þá sjóðstjórn heimilt að innheimta ofgreidda upphæð með venjulegum vöxtum banka eða sparisjóðs frá þeim degi sem greiðslan fór fram. *Hafi námsmaður fengið námslán afgreitt sem hann missir síðar rétt til eða hafi hann fengið of hátt lán greitt vegna mistaka LÍN skal sjóðsstjórn heimilt að innheimta ofgreidda upphæð á skuldabréfi til tíu mánaða með verðbótum frá þeim degi sem greiðslan fór fram.*

(Sbr. 34. gr. reglugerðar og umræður í endurskoðunarnefnd)

37. Ákvæði þarf að setja um endurgreiðslu eldri námslána. Skýrt þarf að vera að námslán sem tekin hafa verið á tímabilinu 1992-1997 lúti sömu endurgreiðslukjörum og kveðið verður á um í nýjum lögum. Þá verður að taka skýrt fram að þrátt fyrir að ákvæði kveði á um að nýjustu lánaflokkarnir séu endurgreiddir á undan hinum eldri skuli aðeins einn lánaflokkur endurgreiddur í einu

Ef skuldari skv. lögum þessum er jafnframt að endurgreiða námslán skv. lögum nr. 21/1992 eða eldri lögum skal hann fyrst endurgreiða að fullu lán sem tekin eru samkvæmt þessum lögum. Greiðslur af eldri námsskuldum frestast þar til lán samkvæmt þessum lögum eru að fullu greidd.

(Sbr. 18 gr. gildandi laga)

Aðeins skulu endurgreidd námslán úr einum námslánaflokki á hverjum tíma.

Þá skulu endurgreiðslur námslána sem veitt voru skv. lögum nr. 21/1992 innheimt skv. endurgreiðsluákvæðum í lögum þessum (óski viðkomandi endurgreiðendur eftir því).

Til vara: *Skuldari skv. lögum frá 21/1992 getur sótt um að endurgreiðsla þeirra lána verði í samræmi við endurgreiðsluákvæði þessara laga.*

III. Kaffi: Umsóknir, auglýsingar og upplýsingar

38. Ákvæði um auglýsingar skulu verða í lögum

Auglýsa skal með tryggilegum hætti eftir umsóknum um námslán frá sjóðnum. Í auglýsingu skal taka fram um hvaða lán sé að ræða, hvar umsóknareyðublöð og önnur umsóknargögn séu fáanleg, hvenær umsóknarfrestur renni út, sem og annað sem máli skiptir.

(Sbr. 11. gr. reglugerðar)

39. Ákvæði um dreifingu umsóknargagna skulu vera í lögum

Eyðublöð fyrir umsóknir og fylgiskjöl þeirra, svo og upplýsingar um námsaðstoð sjóðsins, skulu jafnan vera fáanleg í íslenskum skólum þar sem láns hæft nám fer fram, sem og í sendiráðum Íslands.

(Sbr. 12 gr. reglugerðar)

40. Ákvæði um efni umsókna skulu vera í lögum

Sækja skal sérstaklega um námslán fyrir hvert aðstoðarar, sem miðast yfirleitt við 1. júní ár hvert. Umsóknir um námslán skulu vera á eyðublöðum sjóðsins og skal þeim skilað til hans eða þau póstlögð áður en umsóknarfresti lýkur, ásamt tilskyldum fylgiskjölum. Eigi er veitt lán til framfæris á tímanum áður en útfylltri umsókn er skilað. Verði breytingar á högum umsækjenda eftir að umsókn var lögð fram, ber honum þegar í stað að skýra sjóðnum frá þeim ef ætla má að þær hafi áhrif á ákvörðun um námslán. Lán skal fellt niður ef í ljós kemur að umsækjandi hefur vísvitandi veitt sjóðnum rangar upplýsingar.

(Sbr. 13. gr. reglugerðar)

41. Ákvæði um innheimtu félagsgjalda SÍNE og BÍSN skulu vera í lögum

Lánasjóði er heimilt að draga félagsgjöld námsmanna erlendis til Sambands íslenskra námsmanna erlendis (SÍNE) af útborguðu láni til námsmanns, biðjist hann ekki undan því. Á sama hátt skal sjóðurinn innheimta félagsgjald til Bandalags íslenskra sérskólanema af lánum sérskólanema á Íslandi, biðjist þeir ekki undan því.

(Sbr. úthlutunarreglur)

42. Ákvæði um upplýsingar frá umsækjendum og lægri lán skulu vera í lögum

Umsækjendur um lán skulu láta fylgja umsókn sinni allar þær upplýsingar sem sjóðstjórn telur máli skipta við ákvörðun um veitingu námsláns.

Umsækjendur skulu tilgreina í lánsúmsókn hvort þeir óski eftir fullu láni samkvæmt reglum sjóðsins eða lægri fjárhæð.

(Sbr. 14. gr. gildandi laga)

43. Ákvæði um tilkynningu um synjun umsókna skulu vera í lögum til samræmis við stjórnarsýslulög

Sé umsækjanda synjað um lán frá sjóðnum skal honum skýrt frá því og ástæður tilgreindar. Synjun skulu fylgja upplýsingar um heimild umsækjenda til að fá synjun rökstudda og hvert beina megi kærðu, ef því er að skipta.
(Sbr. 14. gr. reglugerðar og viðbót í samræmi við stjórnarsýslulög)

44. Ákvæði um upplýsingaskyldu annarra stofnana skulu vera í lögum

Innlendum skólum, sem lög þessi taka til, er skylt að láta Lánasjóði í té nauðsynlega aðstoð við framkvæmd laganna, þar á meðal upplýsingar um framvindu náms umsækjenda *og fyrirverandi lánþega sem enn eru við nám í skólunum*. Skattstjórum er skylt að láta Lánasjóði í té upplýsingar sem nauðsynlegar eru við framkvæmd laga þessara.

45. Ákvæði um trúnað og meðferð upplýsinga skulu vera í lögum

Fara skal með einstaklingsbundnar upplýsingar sem Lánasjóðnum eru láttnar í té sem trúnaðarmál. Þær skulu eingöngu aðgengilegar starfsfólki sjóðsins og stjórn, svo og námsmanni sjálfum og umboðsmanni hans, að því er hann sjálfan varðar. Skal stjórn og starfsfólki á hverjum tíma kynnt hvað í þessu felst.
(Sbr. 14. gr. gildandi laga og 35. gr. reglugerðar)

46. Ákvæði um upplýsingaskyldu Lánasjóðs skulu vera í lögum

Almennar upplýsingar, sem tengjast ekki einstökum lánþegum eða umsækjendum, eru öllum opnar eftir því sem tók eru á að afla þeirra hverju sinni. Einnig er framkvæmdastjóra sjóðsins heimilt að veita upplýsingar og nöfn og heimili umsækjenda og lánþega á hverjum tíma, skráð námsgrein þeirra og skóla. Aðrar upplýsingar sem sjóðurinn býr yfir teljast einstaklingsbundnar og eru meðhöndlaðar sem trúnaðarmál. Námsmaður fellst með umsókn sinni á ofangreinda meðferð upplýsinga er hann varða.
(Sbr. 14. gr. gildandi laga og 35. gr. reglugerðar)

IV. Kafli: Ráðstöfunarfé sjóðsins ofl.

47. Ákvæði um ráðstöfunarfé og rekstrarkostnað skulu vera í lögum

Ráðstöfunarfé Lánasjóðs er:

1. Endurgreiðslur samkvæmt lögum þessum og vextir og afborganir af eldri námslánnum.
2. Ríkisframlag.
3. Lánsfé.

Árlegur rekstrarkostnaður sjóðsins greiðist af ráðstöfunarfé sjóðsins og með lántökugjöldum, sbr. xxgr.

(Sbr. 15. gr. gildandi laga)

48. Ákvæði um fjárlagatillögur og áætlanagerð skulu vera í lögum

Við fjárlagaundirbúning gerir sjóðstjórn skal árlega gera fjárhagsáætlunir fyrir sjóðinn á næsta almanaksári með sama hætti og aðrar ríkisstofnanir. Sé þess þörf endurskoðar stjórnin þessa áætlun undir lok ársins á grundvelli nýjustu upplýsinga um verðlag og gengi í hinum ýmsu námslöndum, um fjölda lánþega og fleira sem kann að hafa breyst frá því að upphafleg áætlun var gerð.

(9.gr. reglugerðar)

49. Ákvæði um endurskoðun áætlana skulu vera í lögum

Í upphafi hvers almanaksárs gerir sjóðsstjórn fjárhags- og greiðsluáætlun með hliðsjón af fjárlögum.

50. Ákvæði um birting ársreikninga og útgáfu ársskýrslu skulu vera í lögum

Ársreikningar sjóðsins skulu samþykktir af sjóðstjórn og endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun. Þeir skulu birtir í Stjórnartíðindum og ársskýrslu LÍN. *Ársskýrsla LÍN skal innihalda ársreikninga sjóðsins og almennar upplýsingar sem gefa mynd af þróun helstu stærða í rekstri sjóðsins, þróun námsmannafjölda eftir námsvali og félagslegum aðstæðum og öðru því sem gerir kleift að meta frammistöðu sjóðsins.* (Sbr. lög og hefðbundna útgáfu ársskýrslu)

51. Ákvæði um undanþágu frá stimpilgjöldum skulu vera í lögum

Lög skv. lögum þessum skulu undanþegin stimpilgjöldum samkvæmt lögum nr. 36./1978. (Sbr. 19. gr. gildandi laga)

Greinargerð með tillögum og athugasemdum vegna vinnu að frumvarpi um Lánasjóð íslenskra námsmanna

A. Almennar athugasemdir.

Samstarfsnefnd námsmannahreyfinganna lýsir eindregnum stuðningi við þær niðurstöður nefndar um endurskoðun laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna að ný lög um sjóðinn verði gerð ítarlegri í þeim atriðum sem lúta að úthlutun námslána. Þetta markmið má jafnframt orða þannig að reglugerð um LÍN verði gerð óþörf með ítarlegum lögum og að Alþingi taki af skarið um flest það sem áður var ákvörðun stjórnar sjóðsins í krafti opinna valdheimilda í eldri lögum. Þetta byggir samstarfsnefndin meðal annars á sjónarmiðum um réttaröryggi.

Sjónarmið um réttaröryggi

Sjónarmið um réttaröryggi er skýrt fram sett í ritgerð laganemanna Krístrúnar Heimisdóttur og Ragnhildar Helgadóttur um “Frankvæmd lag aum Lánasjóð íslenskra námsmanna og sjónarmið um réttaröryggi.” Hún var unnin undir fræðilegri handleiðslu Sigurðar Líndal lagaprófessors. “Gengið er út frá því að í réttaröryggi felist a.m.k. þrennt: Örugg málsmeðferð og réttur til að fá ákvörðun endurskoðaða, réttarstaða borgaranna sé þekkt og fyrirsjáanleg og að borgarar njóti vissra lágmarksréttinda sem stjórnsýslan virði.”

Staða Lánasjóðs íslenskra námsmanna að lögum

Í greinargerð laganemanna segir enn fremur: “Staða Lánasjóðs íslenskra námsmanna í stjórnsýslukerfinu er ekki skýr, hann er á mörkum þess að vera miðstjórnarembætti og sjálfstæð stjórnsýslustofnun. Viðskiptamenn sjóðsins njóta í framkvæmd ekki þess réttar að geta kært ákvarðanir stjórnar Lánasjóðsins til æðra stjórnvalds og stefnir það réttaröryggi augljóslega í mikla hættu.” Að sömu niðurstöðum er í raun komist í lögfræðialiti sem Tryggvi Gunnarsson vann fyrir menntamálaráðuneytið og kynnt var í nefnd um endurskoðun laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna. Hann taldi rök til þess að úrskurðir stjórnar LÍN væru kærnanlegir til ráðuneytisins. Framkvæmd undanfarin misseri hefur að auki breyst þannig að ýmist hefur ráðuneytið tekið kærnumál til meðferðar eða ekki sem er óviðunandi.

Það er því tillaga samstarfsnefndarinnar að skýr ákvæði í lögum eyði þessari óvissu.

Flókið reglakerfi víki fyrir ítarlegum lögum

Í niðurstöðum laganemanna segir enn fremur: “Starfsemi sjóðsins byggir á fjórbættum reglum: Lögum, reglugerð, úthlutunarreglum og vinnureglum. Samspil þessara reglna er flókið, enda mikilvægar grundvallarreglur í hverri réttarheimild, og birtingu reglnanna er ábótavant. Ljóst er að regluverk Lánasjóðsins stenst vart þá grundvallarreglu réttarríkisins að reglur skuli vera skýrar, stöðugar og aðgengilegar.” Undir þetta hafa fleiri tekið eins og fram hefur komið í nefnd um endurskoðun laga um LÍN. Raunar mun nokkur bragarbót mun þegar hafa verið gerð. Þó eru fleiri en laganemarnir á því máli að besta úrræðið til úrbóta sé að kveðið verði nákvæmlega á um útlánakafla laganna með afdráttarlausum og ítarlegum lögum frá Alþingi, sbr. bókun úr bréfi Gunnars Jóhanns Birgissonar, hrl. í gögnum nefndarinnar. Enda eru löggin um LÍN “óvenju rúm rammalög” svo enn sé vitnað til greinargerðar laganemanna.

“Í þeim eru litlar efnislegar takmarkanir valdaframsals greindar: Alþingi framselur valdið til að ákveða hverjir falla undir löggin, við hvað skuli miða fjárhæð lána og hvaða nám sé láns hæfi. Þá eru reglugerðarheimildir nánast ótakmarkaðar.

Ljóst er að ekki verði komið á stöðugleika nema allar grundvallarreglur um lánsrétt manna verði teknar í lög. E.t.v. eru helstu annmarkar á núgildandi lögum um lánasjóðinn að löggjafinn sjálfur hefur ekki tekið afstöðu til helstu grundvallarréttinda. Réttaröryggi stúdenta væri best borgið ef löggjafinn sinni pólitísku hlutverki sínu og tæki af skarið um öll helstu réttindi í lögum, þannig aðeins þyrfti að færa löggin nánar úr í stjórnvaldsfyrirmælum, eins og öil nútímavíðhorf í lagasetningu mæla fyrir um.”

Það er því tillaga samstarfsnefndarinnar að mælt verði fyrir í lögum um allar helstu grundvallarreglur um lánsrétt, láns hæft o.s.frv. eins og meðal annars má sjá í einstökum tillögum og athugasemdum sem þessi greinargerð er fylgirit með.

Þá leggur samstarfsnefndin til að valdheimildir stjórnar LÍN verði skýrt skilgreindar og takmarkaðar og setning sérstakrar reglugerðar verði gerð óþörf með ítarlegum lögum.

Sjálfstæð og óháð kærunefnd

Umfjöllunarefni stjórnar LÍN varða möguleika fólks til að sækja sér menntun. Störf hennar snúast með öðrum orðum um framtíðaráætlanir sem afgreiða þarf hratt en örugglega. Því má færa gild rök fyrir því að það sé óviðunandi fyrir viðskiptamenn sjóðsins að leita þurfi til dómstóla eða Umboðsmanns alþingis í hvert sinn sem það risi ágreiningur um túlkun reglna eða framkvæmd þeirra. Af þeim sökum leggur samstarfsnefndin til að komið verði á fót þriggja manna kærunefnd fyrir námslánakerfið sem geti tekið úrskurði stjórnar LÍN til meðferðar. Kærunefndin getur staðfest úrskurðina en hafi jafnframt vald til að vísa ákvörðunum stjórnar til baka teljist þeir ekki byggja á lögum og reglum um sjóðinn eða stangist þær á við fordæmi, hafi málsmeðferð verið áfátt o.s.frv. Þannig yrði viðskiptamönnum sjóðsins tryggður skilvirk áfrýjunarleið. Jafnframt er þó ljóst að umfjöllun kærunefndar verður að njóta trausts og vera faglega þannig að lagt er til að nefndarmenn verði að uppfylla skilyrði um viðtæka þekkingu á sviði menntamála og tveir þeirra verði að uppfylla skilyrði hæfniskröfur hæstaréttardómara. Menntamálaráðherra myndi skipa menn til setu í nefndinni að tilnefningu Hæstaréttar.

Að öðru leyti er vísað til umræðu og gagna sem lögð hafa verið fram í nefnd um endurskoðun laga um LÍN, sem og til greinargerðarinnar: "Framkvæmd laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna og sjónarmið um réttaröryggi." (Kristrún Heimisdóttir og Ragnhildur Helgadóttir, Reykjavík 1995).

B. Athugasemdir við einstakar greinar

1. Kveða ber skýrar á um hlutverk Lánasjóðs íslenskra námsmanna í markmiðsgrein

Samstarfsnefnd námsmannahreyfinganna telur þrennt eiga að einkenna Lánasjóð íslenskra námsmanna og lög um hann. Hann er félagslegur jöfnunarsjóður sem á að tryggja jafnrétti til náms, hann er fjárfestingarsjóður þar sem samfélagið festir fé sitt í menntun og hann er framfærslusjóður þeirra námsmanna sem leita til hans um lán.

Í hlutverksgrein laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna telur samstarfsnefndin eðlilegt að lögð sé áhersla á það hlutverk sjóðsins að vera félagslegur jöfnunarsjóður. Orðalag greinarinnar í lögnum nr. 21/1992 „tækifæri til náms án tillits til efnahags“ getur valdið misskilningi því að LÍN hefur tekið ríkt tillit til tekna og fjölskyldustærðar, m.a. atriða sem má skilja sem „tillit til efnahags. Breytingartillagan felst í því að LÍN er tæki til að gefa öllum tækifæri til náms án þess að bágur efnahagur eða fjárhagsástæður standi þar í vegi. Þá telur samstarfsnefndin að aðskilja eigi hlutverksgreinina frá öðrum greinum laganna. Skýrara er að hafa sérstaka afmarkaða grein þar sem kveðið er á um hlutverk LÍN.

2. Láns hæfi skal skilgreint í lögum og í stað núverandi 5 og 10 ára reglu komi einföld regla um rétt námsmanna til námslána í 11 ár. Til vara er lagt til að svigrúmið fyrir grunnnám verði 7 ár og 10 ár í heild

Núverandi reglur um lánsréttur takmarkist við 5 ár til grunnskólanáms og 10 ár til framhaldsnáms hafa veika stoð í gildandi lögum. Þar að auki gera núverandi reglum þeim einstaklingum sem vilja bæta háskólamenntun, t.d. verkfræði, við iðnmenntun, s.s. vélsníði, ókleift að fara þá leið. Þetta dæmi er hér nefnt þar sem það er algengara en önnur en viðlíka aðstæður blasa við fleirum. Benda má á að ákveðinn tilhneiging er til að gera lítið úr þessum vandamálum. Það kemur líklega til af því að aðeins eru um 5 ár frá því að þessar reglur voru settar og það mun ekki fara reyna verulega á þær fyrir en á næstu misserum, þ.e.a.s. hafi þeim ekki verið breytt áður.

Lagt er til að einföld eilífðu ára hámarksregla komi í stað fimm og tíu ára reglu. Eðlilegt að námsmaður geti ráðið því hvort hann vill taka tvær BA gráður í stað BA og MA gráðu o.s.frv. Auk

Þess sem áður er nefnt má bæta því við að þverfaglegt nám færist nú í aukana og má nefna að eftirspurn útflutningsfyrirtækja eftir fólki með blandaða menntun, t.d. verkfræði eða viðskiptafræði auk tungumáls. Það sama á til að mynda við sjávarútvegsfræði og aðrar greinar sem teknar eru til viðbótar hefðabundnu háskólaprófi. Til vara er lagt til að í stað 5 og 10 ára reglu komi 7 og 10 ára regla. Það myndi einnig vera fallið til að bæta úr mörgum þeim vandamálum sem nú eru uppi.

Kveða má skýrt á um það að ekki er lánað til undirbúningsnáms til stúdentsprófs eða sambærilegt próf eða náms að loknu doktorsprófi. Ekki er ætlunin að þrengja núverandi reglur um lánshæfi náms frá því sem verið hefur heldur er verið að festa heimildir til ofangreindra takmörkana í lög.

3. Upphæð námslána, náms- og framfærslukostnaður skal skilgreindur ítarlega í lögum

Í núgildandi lögum er ekki kveðið nægilega skýrt á um hvað telst til náms- og framfærslukostnaðar. Því er farin sú leið að skilgreina nánar hvað felst í þessum hugtökum. Upptalning á helstu kostnaðarliðum sem felldir verða undir náms- og framfærslukostnað eru hér í samræmi við hefð og úthlutunarreglur LÍN.

4. Kveða þarf á um rétt stjórnar til takmörkunar skólagjaldalána eigi það að vera heimilt. Námsmenn gera tillögur á að takmarkanir verði gerðar á þessari heimild stjórnar. Lána á fyrir skólagjöldum til grunnnáms erlendis og þá ber að leggja af svokölluð markaðskjaralán

Skýr lagaheimild verður að vera til staðar ef takmarka á lán vegna skólagjalda. Samstarfsnefnd námsmannahreyfinganna leggur til að aftur verði farið að lána fyrir skólagjöldum vegna viðkennds grunnháskólanáms erlendis. Bendir nefndin á að slíkt nám geti verið mjög vænlegur fjárfestingarkostur fyrir íslenskt samfélag og hvetur til þess að stjórnvöld láti gera könnun á því. Í nám erlendis hafa Íslendingar löngum sótt bæði menntun og tækniþekkingu sem ekki hefur verið fyrir hendi í landinu og oftast en ekki fengið mikið fyrir lítið. Með því að lána fyrir skólagjöldum til grunnháskólanáms erlendis er jafnframt verið að auka samkeppni við innlenda skóla sem getur einnig verið af hinu góða jafnframt því sem það eykur valmöguleika námsmanna.

Frá gildistöku nýrra laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna árið 1992 til ársins 1994 fækkaði lánþegum erlendis um 25%. Hlutfallslega var mest fækkun í Bandaríkjunum, eða 30%, á Bretlandi var fækkunin 23,4% en 25,5% á Norðurlöndum. Mest er fækkunin í náttúrufræði og raungreinum eða um 42%. Tölur um lánþegafjölda hafa verið látnar standa fyrir fjölda íslenskra námsmanna erlendis þar sem ólíklegt er að menn geti framfleytt sér þar án lána. Frá 1994 hefur þróunin í lánþegafjölda erlendis verið sú að meiri fækkunar hefur gætt í þeim löndum þar sem skólagjöld eru við lýði. Þó að aðrir þættir breytinga á lögum um LÍN hafi augljóslega haft mikil áhrif á möguleika Íslendinga til náms erlendis benda þessar tölur til þess að afnám lána vegna skólagjalda séu nú farin að hafa þar æ meiri áhrif til stýringar frá þeim löndum þar sem slík gjöld eru innheimt.

Það úrræði sem Lánasjóður íslenskra námsmanna hefur getað boðið námsmönnum í grunnnámi vegna skólagjalda er það glapræði að lána til þeirra á markaðsvöxtum á 10 ára skuldabréfum. Þessi lán þarf að afleggja. Í fyrsta lagi þar sem þau steypa viðkomandi í ótrúlega skuldafjötra með óbærilegum endurgreiðslum sem leggjast ofan á aðrar endurgreiðslur námslána! Og í öðru lagi þar sem að þessi lánastarfsemi er augljóslega í beinni samkeppni við útlánastarfsemi banka. Hvort tveggja telur samstarfsnefndin að nægi til að lán þessi verði lögð af.

Þá telur samstarfsnefndin að rýmka beri heimildir til lánveitinga vegna skólagjalda. Styðst það við ofangreind rök en jafnframt bendir nefndin á að heimildir til skólagjaldalána hafi alls ekki fylgt þróun í innheimtu slíkra gjalda sem t.d. hefur átt sér stað í Bandaríkjunum síðast liðinn ár. Sem dæmi má nefna að tímaritið Money (September 1996, bls. 102-161) hefur gefið út lista yfir þá 100 Bandarísku háskóla sem bjóða bestu gæði í kennslu í samanburði við upphæð skólagjalda. Þegar listinn er skoðaður kemur í ljós að íslenskir nemendur geta aðeins fengið aðgang að tveimur af skólunum eitt hundrað. Hinir níutíu og átta falla einfaldlega utan marka LÍN um lán vegna skólagjalda. Hámarkslán vegna skólagjalda frá LÍN eru nú 5.800 bandaríkjadollara á ári fyrir skólagjöldum. Sú upphæð er allt of lág. Tekið skal fram að þarna er ekki á ferðinni listi yfir 100 bestu skólana eða 100 dýrustu skólana. Ef svo væri kæmust líklega engir íslenskir nemendur í skóla á listanum - nema skólinn sjálfur, erlend ríkisstjórn, einstaklingar eða aðstandendur veittu viðkomandi styrk.

Að lokum skal ítrekað að gerð verði könnun á þjóðhagslegum ávinningi íslensks samfélags af menntun Íslendinga við erlenda háskóla því að hafa verður í huga að jafnvel þó nokkur kostnaður hljóti af því að veita lán vegna skólagjalda frá LÍN þá getur verið mun dýrara ef samfélagið myndi sjá fyrir þeirri menntun heimafyrir auk þess sem ekki væri unnt að bjóða upp á nándar nærri sömu fjölbreytni eins og ef heimurinn er einn menntamarkaður fyrir Íslendinga. Að öðru leyti er vísað til umræðna og gagna úr nefnd um endurskoðun laga um LÍN og skýrslu um afleiðingar breyttra laga um LÍN.

Jafnframt leggur samstarfsnefnd námsmannahreyfinganna til að teknir verði upp styrkir til námsmanna sem hljóta inngöngu í dýrt nám og að stofnað verði til sérstaks sjóðs í því þessum tilgangi. Framlög í hann yrðu frá ríki-, sveitarfélögum og öðrum fjársterkum aðilum og yrðu frádráttarbær til skatts. Þá verði gert sérstakt átak í gerð samninga við erlend ríki og skóla um inntöku íslenskra námsmanna og niðurfellingu eða afslátt á háum skólagjöldum, þar sem skólagjöld eru lögð á.

5. Skipan stjórnar verði breytt þannig að Iðnnemasambandið fá fulltrúa í stjórn. Fulltrúum menntamálaráðherra fjölgi jafnframt um einn til að mæta því

Iðnnemasamband Íslands fái fulltrúa í stjórn sjóðsins. Fulltrúum ríkisvaldsins verði fjölgað um einn til að mæta því. Iðnnemasambandið samanstendur af 64 aðildarfélögum með um 4500 félagsmenn og því er eðlilegt að það fái fulltrúa í stjórn LÍN í stað áheyrnarfulltrúa eins og verið hefur.

6. Skýrt verði kveðið á um heimild stjórnar til að skipa nefndir sem undirbúi mál og geri tillögur að afgreiðslu þeirra. Óvissu um hvort að úrskurðir stjórnar séu kærnanlegir til ráðuneytis skal eytt með skýru ákvæði

Lagt er til að stjórn sjóðsins verði heimilt að fela undirnefndum að undirbúa mál og gera tillögur að afgreiðslu þeirra. Er það í samræmi við þá framkvæmd sem viðgengst hjá sjóðnum en ástæða er til að styrkja í lögum. Nauðsynlegt er að lagaheimild sé fyrir valdframsalinu til undirnefnda. Endanlegt úrskurðarvald verður áfram hjá stjórn sjóðsins. Ber undirnefndum að geta þess við afgreiðslu mála. Jafnframt er kveðið á um það hvernig skipan undirnefnda skuli háttáð til að tryggja að sem flest sjónarmið komi fram við ákvarðanatöku.

Að öðru leyti vísast til almennra athugasemda í greinargerð þessari og sjónarmiða um réttaröryggi sem rakin eru hér að ofan. Að auki er vísað til umræðu og gagna sem lögð hafa verið fram í nefnd um endurskoðun laga um LÍN, sem og til greinargerðarinnar: "Framkvæmd laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna og sjónarmið um réttaröryggi." (Kristrún Heimisdóttir og Ragnhildur Helgadóttir, Reykjavík 1995).

7. Kveða ber skýrt á um að námslán skuli greidd út mánaðarlega meðan námsmaður stundar nám, nema á fyrsta misseri. Um samtímagreiðslur og útfærslu þeirra vísast að öðru leyti til upphafsorða í tillögum og athugasemdum

8. Skilgreining námsframvindu ber að vera í lögum. Til annarra atriða um útfærslu þeirra ákvæða er vísað til upphafsorða í tillögum og athugasemdum

9. Undanþágur frá kröfum um námsframvindu þarf að skilgreina í lögum. Kveðið skal á um að námslán í veikindum skerði ekki lánsrétt að öðru leyti, þ.e. veikindalán bættist við heildarsvigrúm námsmanns á námstíma

Þegar námsmaður stendur í árangursskuld við LÍN skal allur árangur hans dragast frá skuldinni áður en námslán til hans er reiknað. Námsmaður skal þó fá lán á meðan hann er að vinna upp tafirnar eða þar til að hann hefur skilað því sem upp á vantaði að hann næði nægilegum árangri á því misseri sem skuldin varð til. Þegar veikindi eru ástæða tafanna skal miða við að heildarsvigrúm aukist í þessum tilfellum. (Beðist er afsökunar ef orðalag þetta þykir óskýrt eða ruglandi. Það er að stofni til sótt í úthlutunarreglur LÍN.)

Ákvæðin sem hér er vísað til er að finna í úthlutunarreglum LÍN en við þær eru aukið ákvæði um fráfall nákomins ættingja.

10. Heimild til að taka mið af sérstökum aðstæðum skal kveða á um í lögum

Samhljóða nógildandi lögum. Þarfnast ekki skýringa.

11. Námsmenn frá löndum EES þurfa að eiga rétt til námsaðstoðar hér á landi í samræmi við skuldbindingar Íslands

Til að mæta þeim skyldum sem Íslendingar tóku sér á hendur við undirritun EES samningsins er kveðið á um rétt námsmanna frá löndum Evrópska efnahagssvæðisins til námslána hérlandis að uppfylltum vissum skilyrðum. Sérstök nefnd vann að skoðun á þessu atriði og er vísað til niðurstöðu hennar. Texti sá sem tillagan gerir grein fyrir er því einungis uppkast frá hendi samstarfsnefndarinnar.

12. Kveða þarf á um hvernig grunnframfærsla á Íslandi er skilgreind og hvað liggja upphæðinni til grundvallar. Námsmenn telji að til greina komi að Alþingi ákvarði þessa upphæð á grundvelli slíkra gagna

Kveðið á um það hver lágmarks grunnframfærsla á Íslandi eigi að vera og hún bundin vísitölu neysluverðs. Jafnframt er sett inn heimildarákvæði þess efnis að við afgreiðslu fjárlaga ár hvert megi ákvarða grunnframfærsluna hærrí en lágmarkið segir til um. Þessi tillaga er í samræmi við stefnu samstarfsnefndarinnar um ábyrgð Alþingis sem lýst er í almennum athugasemdum. Jafnframt er þó áhersla lögð á að allar ákvarðanir um framfærslugrunn LÍN sé teknar á grundvelli efnisákvæða greinarinnar um þann kostnað sem upphæð námslána eigi að mæta.

Reglan um að námsmanni í leiguhúsnæði beri að sanna leigugreiðslur færð inn í lög.

Um þessi atriði, rök fyrir því að nú sé stuðst við úreltan framfærslugrunn og hann verði endurnýjaður sem og mikilvægi þess að grunnframfærsla námslána styðjist við efnisrök er bent á kafla umþróun framfærslugrunns námslána í skýrslu um Áhrif og afleiðingar breyttra laga um LÍN.

13. Kveða skal á um í lögum hvernig grunnframfærsla erlendis er reiknuð eða ákvörðuð

Reglan færð úr úthlutunarreglum inn í lagatextann. Það verkefni að ákvarða hvert hlutfallið af grunnframfærslu á hverjum stað er falið stjórn sjóðsins. Jafnframt er þó rétt að ítreka það meginatriði að slíkar ákvarðanir byggist á efnisrökum.

14. Stuðla vegna félagslegra aðstæðna námsmanna skal festa í lög. Kveða skal skýrt á um rétt barna einstæðra foreldra til námslána eins og þeir væru í leiguhúsnæði

Sú meginstefna er tekin að festa núverandi úthlutunarreglur í lög að þessu leyti með smávægilegum breytingum. Þessi einkenni LÍN eru helsta tákni um að honum er ætlað að tryggja jafnrétti til náms og að vera félagslegur jöfnunarsjóður.

Kveðið skal á um hækkun grunnframfærslu vegna barns/barna á framfæri námsmanns í lagatextanum.

Kveðið skal á um það í lagatextanum hversu hátt hlutfall af grunnframfærslu lán til námsmanns í foreldrahúsum eigi að vera. Sú skylda er lögð á sjóðinn að hækka grunnframfærslu hjá námsmanni sem býr hjá einstæðu foreldri ef tekjur þess ná ekki einfaldri framfærslu einstæðs foreldris. Framfærsla einstæðs foreldris miðast við barnafjölda á framfæri þess undir 21 árs aldri að meðtöldum námsmanni. Breyting felst í því að áður var sjóðnum heimilt að hækka grunnframfærsluna en skv. greininni ber honum skylda til að hækka framfærsluna.

Kveðið skal á um hækkun grunnframfærslu vegna barns sem býr hjá einstæðu foreldri í lagatextanum. Hlutfallið hækkað úr 45% í 50% á hvert barn.

15. Rétt til láns vegna meðlags skal festa í lög

Kveðið á um lán vegna meðlagsgreiðslna í lagatextanum. Lánað að fullu fyrir meðlagi í samræmi við ákvæði í úthlutunarreglum.

16. Tekjubugtakið skal skilgreina í lögum sem og áhrif tekna á upphæð námsláns

Kveðið á um það í lagatextanum að tekjur námsmanns geti haft áhrif á upphæð námsláns og hvernig þau áhrif verða, sbr. eftirfarandi greinar.

Kveðið skal á um það í lagatextanum að allar tekjur sem myndi skattstofn teljist til tekna hjá Lánasjóðnum.

Jafnframt að skattar dragist frá tekjum áður en upphæð námsláns er reiknuð út.

17. Frítekjumark skal skilgreina í lögum

Kveðið skal á um upphæð frítekjumarks í lagatextanum og hún bundin vísitölu neysluverðs. Jafnframt er um hækkun á frítekjumarkinu að ræða. Frítekjumark þeirra sem búa í foreldrahúsum hækkar um 10.000 þúsund, en annarra um 20.000 þúsund skv. þessari hugmynd.

18. Lán vegna maka, tekjur maka og meðferð þeirra tekna skal kveða á um í lögum

Kveðið skal á um það í lagatextanum að tekjur maka geti skert lán til námsmanns, eigi að taka reglur þar um óbreyttar úr úthlutunarreglum. Heimild til að veita lán vegna maka námsmanns verða þá jafnframt færð inn í lagatextann.

Samstarfsnefnd námsmannahreyfinganna lýsir sig tilbúna til að leggja af lán vegna maka námsmanna. Tillit til tekna maka við útreikning námslána falli jafnframt niður. Samstarfsnefndin telur ákvæði þessi leifar frá þeirri tíð þegar gert var ráð fyrir því að annar maka væri á framfæri hins. Í allri nýrri og nútímalegri löggjöf hefur verið horfið frá ákvæðum af þessu tagi. Nú er nær undantekningalaust gengið út frá því í löggjöf að jafnræði sé með hjónum, mökum eða sambúðarfólki í fjárhagsefnum. Sem dæmi má nefna að endurgreiðsla námslána miðast nú aðeins við tekjur þess sem lánið tók en ekki sameiginlegar tekjur hjóna eins og áður var. Það er ekki sjálfsagt að mati samstarfsnefndar að námsmaður sem á tekjulausan maka geti treyst á námslánakerfið honum til framfærslu og eins telur samstarfsnefndin óeðlilegt að námslán námsmanna skerðist eða verði að engu vegna tekna maka. Hvort tveggja leiðir til þess að annar maka er algjörlega undir hinum kominn fjárhagslega. Það telur samstarfsnefndin að samrýmist illa hugmyndum um jafnrétti og jafnstöðu.

19. Ákvæði um niðurfellingu tekna ber að festa í lög

Greinin er sótt í gildandi úthlutunarreglur. Hún miðar að því að þeim séu ekki refsáð með þröngum tekjutakmörkunum sem verið hafa í námshléi eða hafa fjármagnað nám sitt sjálfir en verða að leita inn í námslánakerfið. Ef greinin er ekki hluti af lögnum letur það menn til að afla tekna því þær skerði framtíðarmöguleika þeirra til námslána.

20. Kveða skal á um rétt til lána vegna bóka, tækja og efniskaupa í lögum

Kveðið er á um lán vegna bóka-, tækja- og efniskaupa í lagatextanum. Hlutfallið sé a.m.k. 50% en það hlutfall er sótt í gildandi úthlutunarreglur. Ástæða getur þó verið að hækka þetta hlutfall eða lækka ef könnun á raunverulegum kostnaði á þessum sviðum reynist hærri eða lægri, jafnvel þó að það kalli á breytilegar fjárhæðir.

Meðal annars má benda á að bókakostnaði í háskólanámi er ekki mætt að fullu með þessu hlutfalli og því síður verkfæra, hljóðfæra og efniskostnaður sem oft er mikill í iðnnámi og ýmsu sérskólanámi.

21. Lán vegna sjúkratrygginga skal festa í lög

Kveðið skal á um það í lagatextanum að námsmenn geti sótt um aukalán vegna hárra sjúkratrygginga. Ákvæðið er sótt í úthlutunarreglur LÍN.

22. Ákvæði um ferðalán skulu fest í lög

Ákvæði um ferðalán færð inn í lagatextann. Ferðalán voru áður ferðastyrkir. Samstarfsnefndin vill þó benda á að ástæða er til að ráðast í sérstaka könnun á aðstæðum stúdenta af landsbyggðinni sem sækja nám til höfuðborgarsvæðisins.

23. Hugtakið námstími skal skilgreint í lögum og tekið fram að nám á sumarmisseri í framhaldi af hefðbundnu námi teljist hluti af því en ekki sjálfstætt aðstoðarár

Aðstoðarár skal skilgreint sem heilt almannaksár í stað skólaárs. Þetta leiðir til þess að nám á sumarmisseri telst ekki sjálfstætt aðstoðarár í skilningi LÍN. Núverandi framkvæmd leiðir til þess að námsmaður sem vill flýta fyrir brautskráningu, lokaprófi eða einfaldlega sækja sér víðtækari menntun á sumarnámskeiðum þrengir möguleika sína því lánsréttur hans skerðist um heilt námsár (sbr. aðeins fæst námslán í 5 ár til grunnháskólanáms).

24. Skilyrði námsaðstoðar og ákvæði um skuldabréf skal festa í lög eigi þau að standa

Ákvæðið í núgildandi lögum gert ítarlegra. Aukið við það með því að færa ákvæði úr reglunum inn í lagatextann.

25. Ákvæði um ábyrgðir fyrir allri lánsupphæðinni skulu jafnframt fest í lög eigi þau að standa

Greinin þarfnast ekki skýringa. Samstarfsnefnd námsmannahreyfinganna lýsir þó efasemdum um að ábyrgðarmannakerfi á námslánnum eigi framtíð fyrir sér. Eðlilegt má telja að um sjálfskuldarábyrgð sé að ræða jafnframt því að eðli LÍN sem fjárfestingarsjóðs samfélagsins í menntun leiðir af sér að eðlilegt má telja að samfélagið leggi í nokkra áhættu sem fylgir því að hverfa frá kröfu um ábyrgðarmenn. Lækkuð endurgreiðslubyrði gæti þó gert kleift að því megi slá á frest að afleggja algerlega kröfu um ábyrgðarmenn en samstarfsnefndin vísar þó til fyrirvara sinna um útfærslu á þeirri hlið frumvarpsins. Jafnframt leggur samstarfsnefndin ríka áherslu á að ef áfram á að gera kröfu til ábyrgðarmanna á námslán verði heimildarákvæði um undantekningu frá þeirri reglu, sbr. lið 27.

26. Ákvæði um að allt lánið megi setja á eitt skuldabréf skal vera í lögum

Reglan um frágang skuldabréfs að námi loknu færð inn í lagatextann.

27. Ákvæði um frávik frá kröfu um ábyrgðarmenn ber að setja í lög

Stjórn sjóðsins verði falið að ákveða hvaða skilyrðum ábyrgðarmenn skuli fullnægja. Stjórn sjóðsins verði þó jafnframt heimilað að víkja frá kröfum um ábyrgðarmenn enda sé viðkomandi námsmanni ókleift að stunda nám að öðrum kosti.

Vaxandi fjöldi námsmanna á miklum erfiðleikum með að afla sér ábyrgðarmanns til að ábyrgjast endurgreiðslu námslána. Þeirri spurningu hefur verið veitt upp hvort sjálfskuldarábyrgð eigi ekki að nægja frá hendi námsmanns og eðlilegt sé að ríkisjóður ábyrgist lánið ef námsmaður er ógjaldfær þar sem ríkið sé að fjárfesta í menntun þegnanna. Verði komist að þeirri niðurstöðu að viðhalda beri ákvæðum um ábyrgðarmenn inn í regluverki LÍN er nauðsynlegt að stjórn sjóðsins hafi rúmar heimildir til að víkja frá reglunni um ábyrgðarmenn svo að sjóðurinn megi rækja það hlutverk sitt, sbr. 1. gr., að tryggja jafnrétti til náms.

Bent skal á gögn þau og bókanir sem lagðar hafa verið fram í nefnd um endurskoðun laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna þessu til stuðnings sem og umfjöllun Ríkisendurskoðunar um stöðu ábyrgðarmanna og afleiðingar þess fyrir hlutverk LÍN, að tryggja jafnrétti til náms.

28. Ákvæði um hlutfall og heimild til töku lántökugjalds allt að 1,2% skal festa í lög eigi áfram að innheimta lántökugjöld af lánþegum sjóðsins

Greinin þarfnast ekki skýringa. Þó er ástæða til að minna á andstöðu samstarfsnefndarinnar við þessari gjaldtöku. Eigi það hins vegar að tíðkast ber að festa ákveðið gjaldhlutfall í lög og til álita hlýtur að koma hvort að ekki sé eðlilegt að hækka upphæð námslána sem því nemur.

29. Úthlutunarreglur ber að skilgreina í lögum

Skilgreining á úthlutunarreglum stjórnar LÍN færð inn í lagatextann. Þó stefnt verði að því að reglugerð verði gerð óþörf með ítarlegum lögum má gera ráð fyrir að lagatextann þurfi að útfæra í einhverjum atriðum í stjórnvaldsfyrirmælum, sbr. það sem áður er sagt.

30. Upphaf endurgreiðslu námslána skal ekki vera fyrr en á þriðja ári eftir námslok. Skilgreina þarf námslok skýrar en nú er og sníða reglur um framhaldsnám sem fela í sér styrki sem ígilda launum

Samkvæmt núgildandi lögum hefjast endurgreiðslur námslána tveimur árum eftir námslok. Það hefur valdið vandræðum í framkvæmd og því var samkomulagi náð í endurskoðunarnefndinni um að miðað yrði við að þær hæfust á þriðja ári eftir skilgreind námslok. Nauðsynlegt er að athugun fari fram á því hvernig þau eru skilgreind. Núverandi framkvæmd er fjarri því gallalaus. Eitt af því sem skapað hefur vandamál er í þeim tilvikum sem námsmenn í framhaldsnámi erlendis njóta verulegra styrkja sem ígilda launum. Lagt er til að ef að slíkir styrkir fari yfir ákveðin mörk sem stjórn LÍN skilgreinir þá teljist þeir hafa lokið námi og hefja endurgreiðslur námslána sinna skv. því sem almennar reglur um endurgreiðslur þeirra kveða á um.

Endurgreiðslan er annars vegar föst ársgreiðsla og hins vegar tekjutengd afborgun. Fasta ársgreiðslan er í dag í kringum 52.000 kr. á ári, en tekjutengda afborgunin 5% af útsvarstofni næsta árs á undan endurgreiðsluári fyrstu fimm árin en 7% eftir það.

Í greininni er gert ráð fyrir að fasta ársgreiðslan haldist óbreytt, en tekjutengda afborgunin verði 3,75% af útsvarstofni næsta árs á undan endurgreiðsluári. Hlutfallið hækkar ekki eftir ákveðinn árafjölda. Um rök fyrir þessari breytingu vísast til umræðna og framlagðra gagna úr endurskoðunarnefndinni. Jafnframt er bent á kafla um endurgreiðslubyrði námslána í skýrslu um áhrif og afleiðingar laga um LÍN sem og fyrr samþykktir samstarfsnefndarinnar. Þær standa.

31. Skipting endurgreiðslunnar skal skilgreina í lögum. Skýra verður orðalag laganna þannig að ljóst sé að vextir leggjast ekki ofan á reiknaða endurgreiðslu námsláns heldur séu hluti heildarendurgreiðslunnar sem ekki fari yfir tiltekið hlutfall af útsvarstofni

Greinin þarfnast ekki útskýringa. Þó þarfnast orðalag á einum stað skýringa þar sem það má augljóslega misskilja. Koma þarf fram að vextir eiga að vera hluti heildarendurgreiðslunnar.

32. Skilgreina þarf ákvæði um verðtrygging og fasta 1% vexti eigi vextir að leggjast á námslán á annað borð

Í gildandi lögum segir að vextir af námslánnum skuli vera á bilinu 1 - 3% og er ráðherra heimilað að kveða á um vaxtaprósentuna í reglugerð. Lagt er til að 1% vextir verði lögfestir. Með þessu er samstarfsnefndin ekki að lýsa yfir stuðningi við það að vextir séu lagðir á námslán umfram verðbætur. Samstarfsnefndin telur þvert á móti að samfélagslegur ávinningur af menntun leiði til þess að vaxtandiurgreiðslur á námslánnum sé studd ríkulegum rökum.

Að öðru leyti vísast til umræðu í endurskoðunarnefndinni og skýrslu um áhrif og afleiðingar laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

33. Ákvæði um undanþágu frá endurgreiðslu þarf að vera í lögum

Nánari útlitun á því hvenær stjórn sjóðsins er heimilt að veita undanþágu frá árlegri endurgreiðslu námslána er færð inn í lagatextann. Hér er um að ræða ákvæði sem ýmist eru úr lögum eða reglugerð um sjóðinn.

34. Önnur ákvæði um endurgreiðslukafla lánasjóðslaganna sem óbreytt eiga að standa skulu að sjálfsögðu tíuðuð í nýju frumvarpi. Jafnframt skal leitast við að láta óskýrt orðalag víkja fyrir skiljanlegri máli, sbr. setningu í sviga

35. Ákvæði um veruleg vanskil þurfa að skoðast í samræmi við ákvæði um ábyrgðarmenn

Greinin þarfnast ekki skýringa að öðru leyti en þess lesa má undir öðrum greinum.

36. Ákvæði um ofgreidd lán eiga heima í lögum og ástæða er til að misjafn háttur sé hafður á hafi námsmaður haft rangt við en ef um ónóga námsframvindu eða mistök starfsmanna LÍN valda endurheimtu útlánaðs fjár

Heimild stjórnar sjóðsins til að innheimta ofgreidd lán með venjulegum banka- og sparisjóðsvöxtum færð inn í lagatextann. Gerður er greinarmunur á því hvernig ofgreidd lán koma til. Stjórn sjóðsins verði heimilað að innheimta ofgreidd lán sem stafa af því að námsmaður skilaði engri námsframvindu eða vegna mistaka starfsmanna LÍN með verðbótum frá þeim degi sem lánið var greitt út, en vaxtalaust.

37. Ákvæði þarf að setja um endurgreiðslu eldri námslána. Skýrt þarf að vera að námslán sem tekin hafa verið á tímabilinu 1992-1997 lúti sömu endurgreiðslukjörum og kveðið verður á um í nýjum lögum. Þá verður að taka skýrt fram að þrátt fyrir að ákvæði kveði á um að nýjustu lánaflokkarnir séu endurgreiddir á undan hinum eldri skuli aðeins einn lánaflokkur endurgreiddur í einu

Ákvæðið er tekið úr gildandi lögum. Því er þó við aukið að aðeins skuli endurgreitt af námsláni að einum námslánaflokki að jafnaði. Núverandi reglur bjóða heim þeirri túlkun að þeir sem eiga skuldir frá árunum 1982-1992 og hafa hafið endurgreiðslur en hefja nám að nýju séu látnir endurgreiða báða lánaflokkana samtímis, alls 5% eða 7% af tekjum. Þannig lengist endurgreiðslutími þeirra með hærri endurgreiðslum verulega.

Þá er lagt til að endurgreiðslur lána sem tekin voru á árunum 1992-1997 verði með sömu kjörum og kveðið verður á um í nýjum lögum. Þetta er sanngirnismál og ætti ekki að þarfnast frekari skýringar. Þó skal bent á umræður, röksemdir og framlögð gögn úr nefnd um endurskoðun laga um LÍN auk skýrslu um afleiðingar breyttra laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

38. Ákvæði um auglýsingar skulu verða í lögum

Ákvæði um auglýsingar fært inn í lagatextann

39. Ákvæði um dreifingu umsóknargagna skulu vera í lögum

Ákvæði um dreifingu umsóknargagna fært inn í lagatextann

40. Ákvæði um efni umsókna skulu vera í lögum

Ákvæði um efni umsókna fært inn í lagatextann.

41. Ákvæði um innheimtu félagsgjalda SÍNE og BÍSN skulu vera í lögum

Ákvæði um félagsgjöld SÍNE og BÍSN fært inn í lagatextann

42. Ákvæði um upplýsingar frá umsækjendum og lægri lán skulu vera í lögum

Greinin þarfnast ekki skýringa.

43. Ákvæði um tilkynningu um synjun umsókna skulu vera í lögum til samræmis við stjórnsýslulög

Ákvæði um synjun umsókna fært inn í lagatextann. Aukið við greinina leiðbeiningum um rétt umsækjanda til að synjun rökstudda og hvert beina megi kærðu ef kæruehimild er fyrir hendi.

44. Ákvæði um upplýsingaskyldu annarra stofnana skulu vera í lögum

Greinin þarfnast ekki skýringa.

45. Ákvæði um trúnað og meðferð upplýsinga skulu vera í lögum

Aukið við núgildandi lagaákvæði, texta úr núgildandi reglugerð.

46. Ákvæði um upplýsingaskyldu Lánasjóðs skulu vera í lögum

Aukið við núgildandi lagaákvæði, texti úr núgildandi reglugerð.

47. Ákvæði um ráðstöfunarfé og rekstrarkostnað skulu vera í lögum

Greinin þarfnast ekki skýringa.

48. Ákvæði um fjárlagatillögur og áætlanagerð skulu vera í lögum

Ákvæði um fjárlagatillögur og áætlanagerð fært inn í lagatextann.

49. Ákvæði um endurskoðun áætlana skulu vera í lögum

Greinin þarfnast ekki skýringa.

50. Ákvæði um birting ársreikninga og útgáfu ársskýrslu skulu vera í lögum

Ákvæði um ársreikninga ætti ekki að þarfnast skýringa. Það eru hins vegar nýmæli að sú sjálfsagða skylda Lánasjóðsins að birta ársskýrslu sé bundin í lög. Þar komi fram auk ársreikninganna nauðsynlegar upplýsingar til að almenningur geti áttað sig á því hvernig sjóðurinn verji fjármunum sínum og hvaða árangri starfsemi hans skilar. Ársskýrslur eru gefnar út hjá flestum stærri stofnunum og fyrirtækjum. Ársskýrslur komu út hjá LÍN lengi vel en hafa ekki birst um árin eftir gildistöku núgildandi laga, þ.e. frá 1992. Það vekur nokkra furðu og er ástæða til að stuðla að því að breyting verði þar á hið snarasta sem og að þessi skylda verði fest í lög.

51. Ákvæði um undanþágu frá stimpilgjöldum skulu vera í lögum

Greinin þarfnast ekki skýringa.